


skoðun 14

**SÉRBLAÐ**
í Fréttablaðinu
Allt




**Glæsileiki á Golden Globe**
*Fræga fólkið fór varlega á Golden Globe hátíðinni enda ekki gott að stíga feilspor á rauðadreglinum.*
fólk 28




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
17. janúar 2012
14. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Heillandi einmanaleiki**
*Sýning um vestfirsk eyðibýli stendur yfir á Mokka.*
tímamót 18



**Nýtt eldhús á 5 dögum**
*Hrefna Rósa Sætran þurfti að endurnýja eldhúsið á 5 dögum*
fólk 34

**Orðspor**
*Mér finnst ósæmilegt hvað umræðan á alþingi er oft skyldari nöldri en málefnalegri umræðu, skrifar Jónína Michaelsdóttir.*
umræðan 15

**veðrið í dag**




**HVESSIR ER LÍÐUR** á daginn
Búast má við hægum vindi framan af degi en um og eftir hádegi fer að hvessa af suðaustri, fyrst S-til. Skúrir eða él víða S- og V-lands en úrkomulítið N-og A-til. Kólnar lítillega.
VEÐUR 4

# Sautján tilkynnt um ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar

**Sautján manns hafa gefið sig fram undir nafni til rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar vegna meints ofbeldis sem átti sér þar stað fyrir nokkrum áratugum. Enginn kennari eða aðstandandi gefið sig fram.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Sautján hafa gefið sig fram undir nafni til rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar og greint frá ofbeldi af hálfu fyrrverandi starfsmanna kirkjunnar. Þó hafa enn fleiri haft samband án þess að greina frá nafni. Um er að ræða fullorðna einstaklinga í öllum tilvikum.

Fólkið var annaðhvort nemendur við Landakotsskóla eða gestir í sumarbúðunum Riftúni í Ölfusi sem voru reknar af kirkjunni.

Rannsóknarnefndin var sett á fót eftir að ásakanir um gróft kynferðislegt ofbeldi, einelti og vanrækslu á hendur fyrrverandi skólastjóra Landakotsskóla fóru að berast frá nemendum skólans og greint var frá í Fréttatímanum. Nefndin á að rannsaka starfshætti og viðbrögð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna ásakananna. Greint hefur verið frá því að séra George, sem var skólastjóri Landakotsskóla, og Margrét Müller, þýsk kennslukona við skólann, séu sér í lagi borin þungum sökum um gróft ofbeldi af fyrrum nemendum og gestum sumarbúðanna.

> … það væri auðvitað gagnlegast að heyra í þeim sem hefðu talið að eitthvað óeðlilegt væri í gangi, jafnvel kvartað við stjórnendur eða látið vita.
>
> HJÖRDÍS HÁKONARDÓTTIR
> FORMAÐUR RANNSÓKNARNEFNDAR KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR.

Rannsóknarnefndin auglýsti eftir viðmælendum vegna málsins á síðasta ári og rann frestur til að setja sig í samband við hana út 1. desember. Enginn kennari, aðstandandi nemanda eða foreldri hefur gefið sig fram, heldur einungis fólk sem telur sig hafa verið beitt einhvers konar ofbeldi.

Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður og formaður nefndarinnar, segist gjarnan vilja heyra í þeim sem kunna að hafa séð ástæðu til þess að tala við stjórnendur í Landakotsskóla eða stjórn kirkjunnar vegna líðan barna þar fram til ársins 2005.

„En engir aðstandendur eða kennarar hafa gefið sig fram,“ segir hún. „Okkar rannsóknarefni eru viðbrögð kirkjunnar og það væri auðvitað gagnlegast að heyra í þeim sem hefðu talið að eitthvað óeðlilegt væri í gangi, jafnvel kvartað við stjórnendur eða látið vita.“ Hjördís bætir við að í ljósi þess hversu langur tími hefur liðið frá meintum brotum, séu margir aðstandendur nemenda og kennarar látnir.

Á næstu dögum mun nefndin ræða við starfsmenn kirkjunnar og skólans eftir því sem tilefni er til og kanna hvort einhver frekari gögn er að finna sem geta gagnast rannsókninni. Stefnt er að því að skila af sér skýrslu næsta haust. **- sv**




**SVEKKTIR** Björgvin Páll Gústavsson, Róbert Gunnarsson og Kári Kristján Kristjánsson voru niðurlútir eftir tap Íslands gegn Króatíu í gærkvöldi. Íslenska liðið missti Króata fram úr sér eftir að hafa verið yfir lengst af. Næsti leikur Íslands á Evrópumótinu er á morgun gegn Noregi. Sjá síðu 30. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrrum framkvæmdastjóri FSÍ:

## Hætti vegna óánægju í eigendahópnum

**VIÐSKIPTI** Finnbogi Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), hætti störfum hjá sjóðnum í byrjun janúar vegna óánægju í eigendahópi sjóðsins með störf hans.

Komin var upp krafa innan eigendahópsins um að Finnboga yrði sagt upp störfum og í kjölfarið ákvað hann að segja starfi sínu lausu.

Finnbogi kynnti endurmat á eignum FSÍ 4. janúar síðastliðinn. Þar kom fram að virði þeirra hefði aukist um 100% á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að ákvörðun um starfslok Finnboga hafi verið tekin áður en hann kynnti matið. **- þsj** / sjá síðu 12

Íslenskur maður í Noregi endurheimti jólagjafir sem stolið var úr bíl hans:

# Þjófurinn þjakaður af samviskubiti

**NOREGUR** Norskur síbrotamaður á þrítugsaldri skilaði að eigin frumkvæði innpökkuðum jólagjöfum sem hann stal úr bíl í Herøy í Noregi skömmu fyrir jól. Íslendingur búsettur í Herøy átti bílinn og var að vonum glaður að endurheimta gjafirnar, en þær ætlaði hann að senda til barna á Íslandi.

„Hann hafði hugsað mikið um þetta eftir jól og varð til þess að hann skilaði gjöfunum að eigin frumkvæði,“ hefur fréttavefurinn smp.no eftir lögreglumanninum Erik Lind, eftir að upplýst var um fjölda afbrota mannsins í Herøy og Ulstein í Noregi.

> Hann hafði hugsað mikið um þetta eftir jól og varð til þess að hann skilaði gjöfunum að eigin frumkvæði.
>
> ERIK LIND
> LÖGREGLUMAÐUR Í HERØY

Gjafirnar tók maðurinn þegar hann braust inn í fjóra bíla við samkomuhús í Herøy. Meðal gjafa í pökkunum var Nintendo-leikjatölva og var Íslendingurinn að vonum bæði hissa og glaður að endurheimta þær, að sögn lögreglunnar.

Afbrotamaðurinn var tekinn til yfirheyrslu eftir að hann í ölvunarástandi ók stolnum bíl út í skurð.

Við yfirheyrslurnar viðurkenndi hann röð innbrota og annarra auðgunarbrota. Lögregla segir manninn teljast til góðkunningja hennar vegna afbrota tengdum fíkniefnum. **- óká**





BRENNIR YFIR 200 KALORÍUR
www.aspire.er.is
Hagkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Kostur

næringarríkur matarmikill og gómsætur hádegisverður
komdu í mat!



spíran
bistro á 2. hæð GARÐHEIMA

## SPURNING DAGSINS



*Einar, er Joshua að gauka að þér góðum ráðum?*

„Nei, en það væri kannski hægt að þjálfa hann upp sem ágætis hvíslara.“

Einar Aðalsteinsson leikur í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Gulleyjunni ásamt páfagauknum Joshua.

Ekki hefur verið fundað með bæjarstjóra Kópavogs um tilhögun starfsloka hans:

# Bæjarfulltrúi verður ekki bæjarstjóri

**SVEITARSTJÓRNIR** Næsti bæjarstjóri í Kópavogi kemur ekki úr hópi kjörinna fulltrúa. Þetta segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, að hafi verið niðurstaða meirihlutafundar bæjarstjórnar síðdegis í gær.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig verður staðið að ráðningu næsta bæjarstjóra eða hver það kynni að verða. „Við reynum að taka um það ákvörðun á allra næstu dögum,“ segir Guðríður.

Guðríður tilkynnti Guðrúnu Pálsdóttur, fráfarandi bæjarstjóra, síðastliðinn föstudag að meirihlutinn hefði hug á að ráða nýjan bæjarstjóra. Guðrún er hins vegar enn starfandi bæjarstjóri.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

„Við eigum hins vegar eftir að funda með bæjarstjóra og ýmis mál sem við eigum eftir að ræða. Þangað til að sá fundur hefur farið fram þá ætlum við ekki að tjá okkur um hennar starfslok eða orsakir þeirra,“ segir Guðríður.

Að mati Guðríðar kom vel til greina að hún tæki sjálf við embættinu sem oddviti stærsta flokksins í meirihlutasamstarfinu, en Listi Kópavogsbúa hafi viljað ópólitískan bæjarstjóra. „Og það skiptir okkur mjög miklu máli að þessi meirihluti starfi saman út kjörtímabilið,“ segir hún og vísar til margvíslegra verkefna sem ríði á að ljúka, svo sem stjórnsýsluumbóta sem séu byrjaðar, en hvergi nærri lokið. **- óká**

Guðbjartur tekur því rólega:

# Í aðgerð vegna botnlangabólgu

**FÓLK** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra fór í aðgerð vegna bráðrar botnlangabólgu á sunnudag. Aðgerðin var framkvæmd á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og tókst vel.

Guðbjartur lætur að sögn velferðarráðuneytisins vel af líðan sinni en þarf að halda kyrru fyrir í nokkra daga.

Í samtali við Skessuhorn á Vesturlandi sagði Guðbjartur að hann hefði fundið fyrir eymslum á föstudag en dregið að fara til læknis. **- þeb**



**SYRGJA LEIÐTOGANN** Mæðgin gráta úti á götu eftir að tilkynnt var um fráfall Kims Jong-il í N-Kóreu í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

N-Kórea hafnar sögusögnum:

# Ónæg sorg ekki sögð refsiverð

**N-KÓREA** Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafna sögusögnum um að hafa refsað þeim íbúum landsins sem ekki sýndu næga sorg við fráfall Kims Jong-il, leiðtoga landsins, í síðasta mánuði.

Bandaríska fréttastofan CNN segir að um helgina hafi í sjónvarpsumfjöllun ríkisfréttastofu N-Kóreu verið harðlega gagnrýndar sögur erlendra miðla um að borgarar sem „ekki felldu tár í minningarathöfn um leiðtogann hafi verið sendir í fangabúðir“.

Kim Jong-il féll frá í desember eftir 17 ára valdatíð. Sonur hans, Kim Jong-un, hefur tekið við völdum. **- óká**

## BRUNI

### Bíll gjöreyðilagðist í bruna

Bíll varð alelda við Háskóla Íslands um hádegisbil í gær. Slökkviliðið var kallað til og náði það að slökkva eldinn en bíllinn er gjörónýtur. Ekki er vitað hvað olli brunanum en eldsins mun fyrst hafa orðið vart undir vélarhlífinni.

# Freista fíkniefnahunds með fé úr sveitarsjóði

**Borgarbyggð styrkir lögregluna um 300 þúsund krónur svo fíkniefnahundurinn Nökkvi þjóni áfram í umdæminu. Lögreglan segist þurfa að skera niður og að 1,5 milljón króna á ári myndu sparast ef Nökkvi væri leystur undan störfum.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Lögregluembættið í Borgarfirði og Dölum á nú kost á þrjú hundruð þúsund króna styrk frá Borgarbyggð til að halda fíkniefnahundinum Nökkva.

„Okkur þykir mjög vænt um að fá stuðning sem gerir okkur kannski kleift að halda Nökkva,“ segir Theodór Þórðarson yfirlögregluþjónn, sem kveður fjármálin sífellda glímu. „Við skiluðum einum af fjórum bílum í apríl til að létta róðurinn og svo þurftum við að segja upp einum starfsmanni af níu um áramótin.“

Að sögn Theodórs er nú verið að benda sveitarfélögunum í umdæminu á að ein og hálf milljón króna myndi sparast ef Nökkvi yrði leystur undan skyldum sínum við embættið. Enn sem komið er hefur aðeins Borgarbyggð brugðist við kallinu en Theodór vonast eftir stuðningi fleiri sveitarfélaga.

Labradorhundurinn Nökkvi er arftaki Tíra, hunds af tegundinni Springer Spaniel, sem hafði þefað uppi fíkniefni á Vesturlandi frá árinu 2003 áður en hann var felldur. Theodór segir hundana hafa margsannað gildi sitt. Þeir hafi meðal annars verið við skyldustörf utan umdæmisins um borð í skipum og á flugstöðvum. Þeir geti einnig leitað að fólki og séu á allan hátt mikilvægir. Hann bendir á að fleiri ökumenn séu stöðvaðir í umdæminu undir áhrifum fíkniefna en ölvaðir. „Við notum hundana líka mikið í forvarnarfræðslu í skólum, á fundum með foreldrum og á vinnustöðum og hjá klúbbum,“ segir hann.

Þó að fjármálin séu í eilífri endurskoðun segir Theodór lögregluliðið standa sig vel. „Núna á laugardaginn stöðvuðu strákarnir einn bíl á norðurleið og settu í þrjú hundruð grömm af heimaræktuðu kannabis,“ upplýsir yfirlögregluþjóninn.

Í samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar vegna áðurnefndrar styrkveitingar segir að það kæmi sér mjög illa ef lögreglan úr umdæminu þyrfti að skila fíkniefnahundinum, ekki síst vegna forvarnargildis slíkra hunda. Sveitarstjórnin kveðst vilja leggja fjárstyrkinn sem lóð á vogarskálarnar. Jafnframt segir hún ólíðandi að niðurskurður á fjárveitingum til lögregluembættisins leiði til fækkunar lögregluþjóna.

„Því skorar sveitarstjórn á innanríkisráðuneytið að endurskoða ákvörðun um lækkun á fjárveitingum til embættisins,“ segir sveitarstjórnin. **- gar**



**NÖKKVI OG TÍRI** Þessir tveir voru samstarfsfélagar um skeið á meðan Nökkvi var að ná tökum á starfinu sem Tíri gegndi frá árinu 2003. MYND/LÖGREGLAN Í BORGARFIRÐI OG DÖLUM

> Núna á laugardaginn stöðvuðu strákarnir einn bíl á norðurleið og settu í þrjú hundruð grömm af heimaræktuðu kannabis.
>
> **THEDÓR ÞÓRÐARSON** YFIRLÖGREGLUÞJÓNN Í BORGARFIRÐI OG DÖLUM.

# Sigursteinn Gíslason látinn

Sigursteinn Gíslason er fallinn frá eftir harða baráttu við krabbamein. Hann var 43 ára gamall.



Sigursteinn var einn sigursælasti knattspyrnumaður Íslands og varð til að mynda níu sinnum Íslandsmeistari með ÍA og KR. Eftir knattspyrnuferilinn fór hann út í þjálfun og var til dæmis aðstoðarþjálfari hjá KR og einnig aðalþjálfari hjá Leikni í Breiðholti.

Þar náði hann góðum árangri þar til hann hætti störfum síðasta sumar eftir að hann greindist með krabbamein.

Sigursteinn lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn.

Mátti ekki fara nálægt landi:

# Skipstjórinn fór á svig við reglur

**ÍTALÍA, AP Skipstjóri skemmtiferðaskipsins sem strandaði við Ítalíu á föstudag fór of nálægt strönd án þess að hafa til þess leyfi eða ástæðu. Aðgerðir hans brutu í bága við starfsreglur. Þetta sagði eigandi skipsins í gær.**

**Leit í skipinu var hætt í margar klukkustundir í gær. Skipið hafði færst til í vondu veðri og var óttast að frekari aðgerðir myndu verða til þess að olía færi að leka úr því.**

**Staðfest tala látinna hækkaði upp í sex eftir að lík karlmanns fannst í gær. Þá er sextán enn saknað.** **- þeb**


# Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.



Allt sem þú þarft


Ríkisstjórnin furðar sig á yfirlýsingum Samtaka atvinnulífsins um verkefnastöðu:

# Sakar SA um áróður og rangfærslur

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin sakar Samtök atvinnulífsins (SA) um rangfærslur og brigslyrði í bréfi til ríkisstjórnarinnar í síðustu viku varðandi stöðu 44 verkefna í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga í fyrravor.

„Furðu vekur að Samtök atvinnulífsins skuli halda því fram að engar breytingar hafi orðið á lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti en þeim lögum var breytt þann 4. september síðastliðinn. SA telur bráðaaðgerðir vegna atvinnuleysis vera eitt verkefni, en bæði ASÍ og stjórnvöld telja sem satt er að um sé að ræða sjö sjálfstæð verkefni,“ segir í bréfinu sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sendi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Á Alþingi í gær sagði Jóhanna SA halda upp linnulausum áróðri gegn ríkisstjórninni.

„Á lista stjórnvalda sem kynntur hefur verið aðilum alloft eru talin upp 44 verkefni. Af þeim eru 23 eða réttum helmingi lokið og nítján verkefni eru í vinnslu,“ segir ríkisstjórnin.

Ríkisstjórnin kveður vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi hafa ekki gengið eftir enda hafi fjármögnun með vegatollum mætt mikilli andstöðu í héraði. Harmað er að vinna við breytingar á lögum um opinber innkaup hefur tafist. Þá segir að fjölmörg verkefni séu langt komin og að vinnu við þau verði hraðað.

Á vef SA fyrir helgi sagði að vanefndir ríkisstjórnarinnar blösu við og hún gæti ekki breytt gangi mála eftir á. „Fyrirheit ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana hafa því miður hvergi nærri gengið eftir sem skyldi,“ sagði SA. **- gar**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að Samtök atvinnulífsins væru í grímulausri stjórnarandstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



-7
KR. AF LÍTRANUM MEÐ ÓB-LYKLINUM
Í dag, þriðjudag, býður Óttar Bender handhöfum ÓB-lykilsins
7 kr.
afslátt af eldsneytis-lítranum!
Mundu að ef þú greiðir með ÓB-lyklinum á Olís-stöð færðu sama afsláttinn! Auk þess veitir ÓB-lykilinn afslátt af bílavörum hjá Olís og á veitingastöðunum Grill 66 og Quiznos.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is
ÓB
PIPAR\TBWA • SÍA • 120173

**GENGIÐ 16.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,37 | 125,97 |
| Sterlingspund | 191,85 | 192,79 |
| Evra | 158,62 | 159,50 |
| Dönsk króna | 21,334 | 21,458 |
| Norsk króna | 20,651 | 20,773 |
| Sænsk króna | 17,890 | 17,994 |
| Japanskt jen | 1,6316 | 1,6412 |
| SDR | 190,80 | 191,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,6613

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verjandi Baldurs Guðlaugssonar taldi tvo hæstaréttardómara vanhæfa:

# Tveir dómarar munu ekki víkja

**DÓMSMÁL** Hæstaréttardómararnir Ólafur Börkur Þorvaldsson og Viðar Már Matthíasson munu ekki víkja úr dómnum við meðferð málsins á hendur Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, þrátt fyrir kröfu verjanda Baldurs í þá veru. Þetta ákvað dómurinn á fimmtudaginn var.

Baldur var í fyrrasumar dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik og fer málflutningur fyrir Hæstarétti fram í næstu viku.

Karl Axelsson, verjandi Baldurs, hafði sent réttinum bréf þar sem hann krafðist þess að dómararnir tveir vikju sæti vegna þess að þeir hefðu áður hafnað kröfu Baldurs um að rannsókn málsins hjá sérstökum saksóknara yrði lýst ólögmæt og hún felld niður.



**BALDUR GUÐLAUGSSON**

Sú krafa var reist á reglunni um bann við endurtekinni málsmeðferð, en Fjármálaeftirlitið hafði áður kynnt Baldri að rannsókn á máli hans hefði verið hætt. Róbert Spanó lagaprófessor hefur tekið undir þetta sjónarmið Baldurs í skrifum sínum. Baldur heldur þessari sömu kröfu enn á lofti fyrir Hæstarétti og því taldi verjandi hans dómarana vanhæfa.

Fimm dómarar, Ólafur, Viðar, Garðar Gíslason, Greta Baldursdóttir og Benedikt Bogason, komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að dómararnir skyldu ekki víkja enda hefðu þeir ekki á fyrri stigum tekið neina afstöðu til sakarefnisins. **- sh**

Forkosningar repúblikana:

# Huntsman dregur sig í hlé

**BANDARÍKIN, AP** Jon Huntsman, fyrrverandi ríkisstjóri Utah, tilkynnti í gær að hann hefði dregið sig úr baráttunni um að verða forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins.

Huntsman var áður sendiherra í Kína undir stjórn Baracks Obama Bandaríkjaforseta.

Kosningastjóri hans sagði í gær að Huntsman teldi að flokksmenn ættu að fylkja sér um frambjóðanda sem gæti sigrað í forsetakosningunum í haust. Sá frambjóðandi væri Mitt Romney. **- þeb**





**Á SUNNUDAG** Ungmenni við elda sem loguðu á háskólatorginu í Búkarest um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Sjötti dagur mótmæla í gær:

# Rúmenar vilja kosningar strax

**RÚMENÍA, AP** Mótmæli héldu áfram í miðbæ Búkarest, höfuðborgar Rúmeníu, í gær. Forsætisráðherra landsins hafði þó varað við því að framhald ofbeldisfullra mótmæla helgarinnar, þar sem 59 slösuðust, gætu ógnað stöðugleika og hagvexti í landinu.

Á sunnudag lenti lögreglu saman við um þúsund mótmælendur í höfuðborginni, en mótmæli höfðu þá staðið fimm daga í röð. Lögregla beitti táragasi og blysum, en mótmælendur köstuðu grjóti og eldsprengjum.

Mótmælin beinast að aðhaldsaðgerðum í opinberum fjárreiðum. Mótmælendur krefjast þess að boðað verði til kosninga og Traian Basescu, forseti landsins, fari frá. **- óká**

**LÍBANON**

### Hrundi til grunna í Beirút

Minnst 19 eru látnir eftir að fimm hæða íbúðablokk hrundi í Beirút, höfuðborg Líbanons, í gær. Tólf voru sárir og leitað var að sextán manns til viðbótar í rústunum.

**NÍGERÍA**

### Allsherjarverkfalli lokið

Allsherjarverkfalli hefur verið aflýst í Nígeríu, eftir að hafa lamað landið í viku. Forseti landsins samþykkti að lækka álögur á bensín á ný en hann hafði einnig sent herlið á göturnar.

# Nýtt kvótafrumvarp lagt fram á næstunni

**Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verða lagðar fram á næstu vikum. Forsætisráðherra telur árangur hafa náðst í efnahagsmálum og vill þjóðaratkvæði um nýja stjórnarskrá. Stjórnarandstaðan gagnrýnir lítinn efnahagsbata.**

**ALÞINGI** Breytingar á stjórnarráðinu munu skila öflugri ráðuneytum og betri þjónustu í viðkomandi málaflokkum, að mati Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Alþingi hófst í gær og umræður voru um skýrslu forsætisráðherra.

Jóhanna sagði stóra aðila í atvinnulífinu, eins og ferðaþjónustuna, hafa kallað eftir breytingum á æðstu stjórn þess málaflokks. Hún boðaði stofnun nýs atvinnuvegaráðuneytis sem styrkja mundi þjónustuna við atvinnulíf. Þá yrði nýskipan í orku- og auðlindamálum innleidd með nýju umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem starfar eftir nýrri orkustefnu. Áherslan á umhverfismál yrði meiri eftir breytingarnar.

Við stofnun Velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis fækkaði skrifstofustjórum um tvo og skrifstofustjórum um 13 og sagði Jóhanna að skrifstofukostnaður væri tugmilljónum króna lægri eftir breytingarnar. Góð reynsla væri því af sameiningum ráðuneyta.

Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, boða breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á næstu vikum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, dró í efa að góð reynsla væri af jafn stóru ráðuneyti og Velferðarráðuneytinu. Hann sagði breytingar á stjórnarráðinu einkennast af hringlandahætti. Allir vissu að brotthvarf Jóns Bjarnasonar úr ríkisstjórn væri vegna þess að hann hefði ekki sýnt samstarfsvilja í viðræðum við Evrópusambandið. Upp á eftirmann hans, Steingrím J. Sigfússon, stæði að lýsa því hvernig hann hefði lofað því að haga sér með öðrum hætti í þeim efnum.



**SVART OG HVÍTT** Líkt og oft áður lýstu þingmenn gjörólíku samfélagi, eftir því hvort þeir styðja stjórnina eða ekki. Steingrímur J. Sigfússon sagði áhyggjuefni hve lítil hugmyndafræðileg endurnýjun hefði átt sér stað hjá þeim sem áður réðu hér ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég stend ekki hér til að segja að hvergi hafi þokast á neinu sviði. Ég er að segja að það sé hægt að gera svo miklu, miklu betra.
>
> **BJARNI BENEDIKTSSON** FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Bjarni sagði breytingar á skattkerfinu hafa verið til skaða. „Ég stend ekki hér til að segja að hvergi hafi þokast á neinu sviði. Ég er að segja að það sé hægt að gera svo miklu, miklu betur," sagði Bjarni, og vísaði í efnahagstillögur Sjálfstæðisflokksins.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sakaði Steingrím um að hafa margoft gripið inn í rekstur fjármálafyrirtækja, án umræðu á Alþingi. Það hefði hann gert í skjóli neyðarlaganna, en endurskoðun þeirra, sem átt hefði að fara fram fyrir árslok 2009, hefði aldrei farið fram.

Sigmundur sagðist sammála um að tækifærin á Íslandi væru gríðarlega mikil. „Ef rétt er haldið á málum má nýta þau tækifæri vel. Til þess þarf breytta stefnu og breytta ríkisstjórn."

**kolbeinn@frettabladid.is**



**HVERAGERÐI** Loftborið íþróttahús er umdeilt í bæjarstjórn.

Minnihlutinn í Hveragerði:

# Segja uppblásið hús vera óráð

**HVERAGERÐI** Bæjarfulltrúar minnihluta A-listans í Hveragerði greiddu í síðustu viku atkvæði gegn því að bærinn tæki 115 milljónir að láni til að kaupa tjalddúk fyrir uppblásið íþróttahús sem meirihluti Sjálfstæðisflokks samþykkti að reisa. Verja á 330 milljónum króna í húsið á árinu.

A-listamenn sögðu að í ljósi afleitrar fjárhagsstöðu bæjarins telji þeir „með öllu ábyrgðarlaust af sjálfstæðismönnum að ætla að skuldsetja bæjarbúa enn frekar til fjármögnunar á algjörlega óarðbærri fjárfestingu". Meirihlutinn benti á að húsið væri á fjárhagsáætlun. **- gar**

Ráðuneytið stóð sig vel:

# Sinnti hlutverki sínu við eftirlit

**STJÓRNSÝSLA Forsætisráðuneytið hefur í meginatriðum sinnt eftirliti og eftirfylgni með þeim eina þjónustusamningi sem er í gildi. Er þetta mat Ríkisendurskoðunar sem telur að samningurinn, sem er við Vesturfarasetrið á Hofsósi, sé í samræmi við ákvæði hans.**

**Á vef Ríkisendurskoðunar segir að samningurinn hafi runnið út í lok síðasta árs og þá fluttust forræði í málefnum setursins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem mun nú annast samningsgerð við setrið og endurnýjun samningsins.** **- sv**






Úrval **TASKI** gólfþvottavéla

TASKI by Diversey

Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi

Öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta

TANDUR

Sími 510 1200 | www.tandur.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDASAMT** Í dag verður besta veðrið á NA-landi, fremur hægur vindur og bjart með köflum en þykknar heldur upp aðfaranótt miðvikudags. Á morgun má búast við nokkuð stífum vindi um allt land en á fimmtudaginn verður mesti vindurinn dottinn niður. Kólnar heldur í veðri.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 9° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -3° |
| París | 2° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# Jeppadagar

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota Betri notuðum bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á betri kjörum. Allir jepparnir hafa staðist 125 punkta gæðaeftirlit Toyota og þeir eru allir í ábyrgð, að lágmarki í 12 mánuði.




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna 05/07 Ekinn: 103.000 km
Verð 2.250.000 kr. Raðnr.: 998017
**Betra verð: 1.990.000 kr.**




**Toyota Land cruiser 120 GX**
3000 Dísil, 6 gíra
Á götuna 06/06 Ekinn 131.000 km
Verð 4.250.000 kr. Raðnr.: 997209
**Betra verð: 3.590.000 kr.**




**Toyota Land Cruiser 120**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 12/05 Ekinn: 96.000 km
Verð 4.990.000 kr. Raðnr.: 997524
**Betra verð: 4.390.000 kr.**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 6/10 Ekinn 63.000 km
Verð: 4.300.000 Raðnr.997673
**Betra verð: 3.850.000 kr.**




**Toyota Land Cruiser 200 VX**
4500 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 01/08 Ekinn: 73.000 km
Verð 10.700.000 kr. Raðnr.: 998015




**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 12/10 Ekinn: 16.000 km
Verð 10.900.000 kr. Raðnr.: 110772




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 05/11 Ekinn 20.000 km
Verð 9.550.000 kr. Raðnr.: 997999




**Lexus RX400H EXE**
3300 Bensín/Rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 63.000 km
Verð: 5.400.000 Raðnr. 997997
**Betra verð: 4.750.000 kr.**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

ergo

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðan akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

## KJÖRKASSINN



*Munt þú forðast viðskipti við matvælafyrirtæki sem notað hafa iðnaðarsalt í matvörur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,2% |
| NEI | 42,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fylgjast með leikjum íslenska liðsins á EM í handbolta í Serbíu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Bandaríska greiningafyrirtækið CMA hefur gefið út skýrslu um greiðslufallsáhættu ríkja:

# Greiðslufallsáhætta Íslands aukist lítillega

**EFNAHAGSMÁL** Um fjórðungslíkur eru á því að ríkissjóður geti ekki staðið við erlendar skuldbindingar sínar á næstu fimm árum. Þetta er mat greiningafyrirtækisins CMA Datavision sem gefur ársfjórðungslega út skýrslu um málið.

Greint var frá skýrslunni í fréttabréfi Júpíters, rekstrarfélags verðbréfasjóða í eigu MP banka, á dögunum. Í skýrslunni eru líkur á greiðslufalli íslenska ríkisins metnar um 25,6 prósent og hafa aukist um eitt prósentustig milli ársfjórðunga. Mat sérfræðinga Júpíters er að ólíklegt verði að teljast að íslenska ríkið geti ekki staðið við erlendar skuldbindingar sínar á því tímabili sem greining CMA tekur til.

Skuldir íslenska ríkisins eru sem stendur í 19. sæti á listanum yfir áhættusömustu skuldir ríkja. Þykja þær svipað áhættusamar og skuldir Búlgaríu, Slóveníu, Íraks og Víetnams. Skuldir Grikklands eru taldar þær áhættusömustu en CMA metur líkurnar á greiðslufalli gríska ríkisins vera 93,8 prósent. Í öðru sæti er Portúgal með 61 prósent líkur. Norska ríkið er hins vegar talið öruggasti skuldari heims með 3,9 prósenta líkur. - mþl








Framúrskarandi sölunámskeið fyrir þá sem vilja spennandi starf!

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 219.000.- Einingar til stúdentprófs: 10

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða styrkja sig í starfi. Námið er einstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

Helstu námsgreinar:

- Hlutverk sölumanns (6) • Markaðsrannsóknir (12)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðagerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Lokaverkefni og sölukynning (30)

Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 6. feb.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. feb.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


# Sex manns ákærðir vegna dóps og stera

**Tveir dregnir fyrir dóm grunaðir um að skipuleggja stórfellt smygl á fíkniefnum og sterum frá Rotterdam. Fyrrverandi Íslandsmeistari í hreysti ákærður fyrir smygl og sölu á sterum. Dæmdur fíkniefnasmyglari á meðal hinna ákærðu.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært sex manns fyrir stórfellt smygl og vörslu á miklu magni fíkniefna og stera. Þungamiðjan í ákærunni er sending sem kom með gámaskipi frá Rotterdam í Hollandi í október.

Ákæran er í níu liðum, en þar af snúast fimm um vörslu smærri skammta af fíkniefnum og umferðarlagabrot.

Tveir eru ákærðir fyrir að standa að umfangsmesta smyglinu, Geir Hlöðver Ericsson, 44 ára, og Sævar Sverrisson, 54 ára. Geir er sakaður um að hafa haft veg og vanda af skipulagningunni, sent Sævar til Hollands til að sækja fíkniefnin og sterana og koma þeim fyrir í kössum í vörugámi á vegum heildsölu sem Sævar starfaði hjá.

Sendingin innihélt tæplega tíu kíló af amfetamíni, 8.100 e-töflur, 200 grömm af kókaíni, lítilræði af e-töfludufti og tæplega tólf þúsund skammta af sterum í ýmsu formi. Hún kom með skipi frá fyrirtækinu Thorship sem lagði að bryggju í Straumsvík 10. október. Tvímenningarnir hafa setið í varðhaldi síðan.

Þriðji maðurinn, Kristján B. Kröyer Þorsteinsson, er ákærður fyrir aðild að sterasmyglinu, en honum er gefið að sök að hafa þekkt boð Geirs um að setja tæplega níu hundruð skammta af sterum sem hann átti hjá ónefndum Pólverja í sömu sendingu.



**STRAUMSVÍK** Stóra sendingin kom til hafnar í Straumsvík frá Rotterdam. Þar lagði lögregla strax hald á hana og handtók þá Geir Hlöðver Ericsson og Sævar Sverrisson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Kristján, sem er 25 ára og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í hreysti árið 2008, er jafnframt ákærður í öðrum lið fyrir að hafa átt og ætlað að selja tæplega þúsund steratöflur og rúmlega 600 millilítra af steralyfjum, auk þess að hafa haft í fórum sínum tíu grömm af kókaíni og sex kannabisplöntur.

Þá er Geir Hlöðver jafnframt ákærður ásamt öðrum manni, Sævari Þór Óskarssyni, fyrir að eiga og ætla að selja 660 grömm af amfetamíni síðasta sumar. Sævar Þór er 49 ára og hlaut árið 2002 tveggja ára fangelsisdóm fyrir innflutning á tuttugu kílóum af hassi frá Hollandi.

Að endingu eru sömu tvímenningar ákærðir, ásamt karli og konu, fyrir að hafa í fórum sínum um 250 grömm af kókaíni í september í fyrra. Bandaríkjamaður sem flutti kókaínið til landsins frá New York hefur þegar hlotið tíu mánaða fangelsisdóm fyrir smyglið.

Ákæran umfangsmikla verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á morgun. stigur@frettabladid.is

Hæstiréttur og herinn sækja að stjórnvöldum í Pakistan:

# Gilani stefnt fyrir vanvirðingu

**PAKISTAN, AP** Hæstiréttur í Pakistan hefur stefnt forsætisráðherra landsins, Yusuf Raza Gilani, fyrir vanvirðingu við réttinn. Hann hefur þráfaldlega neitað tilmælum réttarins um að taka upp á ný rannsókn á meintum auðgunarbrotum forseta landsins, Asif Ali Zardari. Gilani hefur verið boðaður fyrir dóminn á fimmtudag til að standa fyrir máli sínu.

Málið þykir undirstrika óvissuna sem ríkir á stjórnmálasviði landsins, en stjórnin á líka í deilum við yfirstjórn hersins. Telja margir að herinn standi á bak við þennan þrýsting dómara.

Þegar Zardari var kjörinn árið 2008 voru yfirvöld í Sviss að rannsaka mál þar sem hann var meðal annars grunaður um peningaþvætti. Rannsókninni var hins vegar skotið á frest þar sem forsetinn naut friðhelgi. Það hefur síðar orðið bitbein milli stjórnvalda og hæstaréttar sem segir friðhelgi leiðtoganna stangast á við stjórnarskrá.

Gilani og Zardari hafa að undanförnu verið ósparir við að gagnrýna afskipti hersins. Lét Gilani meðal annars þau orð falla að í deilum hers og stjórnvalda stæði valið milli „lýðræðis og einræðis“.

Stjórnin stóð af sér vantrauststillögu í gær, en óróanum er þó hvergi nærri lokið. - þj



**Í ELDLÍNUNNI** Yusuf Raza Gilani, forsætisráðherra Pakistans, hefur verið stefnt fyrir vanvirðingu við hæstarétt landsins. NORDICPHOTOS/AFP

*NÝJAR ENDURVINNANLEGAR UMBÚÐIR*




# KRASSANDI SALATBAR



## Einfaldlega meira úrval!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

Innihaldslýsing og næringargildi er á öllum réttunum

- Heilhveitipenne í spínatdressingu
- Rifinn kjúklingur
- Spínat
- Klettasalat
- Paprikublanda
- Kartöflu- og grænmetisréttur
- Hummus
- Buffalóvængir
- Guacamole
- Rækjur í wasabisósu
- Sætkartöflumús
- Baunasalat
- Surimisalat
- Grísakjöt með grænmeti
- Quinoasalat
- Rótargrænmeti
- Kjúklingabollur
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Maíssalat
- Kús kús












24 Hagkaup

**OPIÐ** allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir skemmtiferðaskipið sem strandaði við eyna Giglio á föstudag?
2. Hvaða Íslendingur leikur með Swansea í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu?
3. Hver leikur Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, í kvikmyndinni Iron Lady?

SVÖR

1. Costa Concordia 2. Gylfi Þór Sigurðsson 3. Meryl Streep

Steingrímur J. Sigfússon segir aflareglu sem hann festi í sessi í fullu gildi:

# Orð um þorskkvóta misskilin

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir menn hafa lesið vitlaust í orð hans í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni á sunnudag um horfur í sjávarútvegi. „Ástandið í þorskinum er gott og þar mun kvótinn vera aukinn í vor – aftur,“ sagði Steingrímur í viðtali við þáttastjórnandann Sigurjón M. Egilsson um horfurnar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar.

Þetta hefur í fréttum verið haft til marks um það að óvæntar fréttir væru boðaðar um veiðar á þorski – mikilvægustu fisktegund íslensks sjávarútvegs.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Ég var ekki að boða neitt slíkt, heldur að vitna til þess að horfurnar væru jákvæðar. Ákvörðun um þorskkvóta komandi fiskveiðiárs verður hins vegar tekin í vor- eða sumarbyrjun,“ segir Steingrímur.

Ráðherra segir að líklegt megi telja að þorskkvóti verði aukinn á næsta fiskveiðiári, ef horft er til niðurstaðna úr rannsóknum Hafrannsóknastofnunar og þeirrar ráðgjafar sem var kynnt í júní síðastliðnum. „Ég setti nú þessa aflareglu í samband aftur þegar ég var í ráðuneytinu 2009. Hún hefur gefist vel og við erum ekkert að fara út af sporinu með það,“ segir Steingrímur.

Hér vísar ráðherra til þess að í júní 2009 var aflaregla tekin upp en hún gildir fyrir næstu fimm ár. Með henni er stefnt að veiðum á 20% af þorski 4 ára og eldri. - shá

Maður hlaut 2. stigs bruna:

# Fékk sjóðandi vatn yfir sig

**SLYS Karlmaður brenndist alvarlega á efri hluta líkama síns þegar sjóðandi vatn helltist yfir hann. Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudags í orlofshúsi í Grímsnesi.**

**Maðurinn var að sjóða vatn á eldavél sem hann ætlaði að nota í setlaug fyrir utan húsið. Maðurinn var á leið að setlauginni með sjóðandi vatnið þegar hann rann og fékk vatnið yfir sig.**

**Maðurinn hlaut 2. stigs brunasár en er með meðvitund og ástand hans er metið stöðugt.** - jhh


# Framúrskarandi ávöxtun Sparibréfa verðtryggðra á árinu 2011

Landsbankinn býður upp á fjölbreytt úrval ríkisskuldabréfasjóða. *Sparibréf verðtryggð* er sjóður sem fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum íslenska ríkisins og hefur það markmið að endurspegla ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa.



**16,3%**
**Ársávöxtun 2011***

**Reglubundinn sparnaður**

Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

*Nafnávöxtun 30.12.2010–30.12.2011. Nánari upplýsingar um ávöxtun sjóðsins er að finna á landsvaki.is.
Fyrirvari: *Sparibréf verðtryggð* er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki. is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040


# Iðnaðarsalt átti ekki að nota í matvæli

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur var mótfallið því að MAST heimilaði Ölgerðinni að selja afgangsbirgðir af iðnaðarsalti til matvælafyrirtækja. Þótt saltið sé ekki heilsuspillandi í sjálfu sér getur það innihaldið ýmiss konar aðskotahluti.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert hráefni ætti að nota til matvælagerðar nema það sé sérstaklega ætlað til slíks. Það segir Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri hjá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, í samtali við Fréttablaðið.

Eins og fram hefur komið setti eftirlitið sig á móti þeirri ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) að heimila Ölgerðinni að selja afgangsbirgðir af iðnaðarsalti til matvælafyrirtækja fyrr í vetur, eftir að upp komst um eðli saltsins.

„Við gátum ekki skilið þessa ákvörðun,“ segir Óskar. „Við töldum að MAST hefði ekki heimild til að heimila áframhaldandi sölu hjá fyrirtæki sem er með starfsleyfi hjá okkur. Það hefði átt að upplýsa okkur um málið og þá hefðum við gengið í það.“

Óskar segir að mismunandi kröfur séu gerðar til iðnaðarsalts og salts til matvælaframleiðslu.

„Við framleiðslu matarsalts eru gerðar kröfur um umgengni og geymslu vörunnar, sem þarf ekki að hlýða varðandi iðnaðarsalt. Það er geymt við aðrar aðstæður, ekki síað með sama hætti og ekki gerð krafa um eftirlit með aðskotahlutum í saltinu, enda er ekki ætlast til þess að þetta fari ofan í fólk.“

Óskar segir rétt að taka fram að málið snúist ekki um þungmálma sé að finna í saltinu, eins og til dæmis gerst hefur í Asíu.

„En saltið er ekki öruggt því að í því geta verið aðskotahlutir, til dæmis steinar, járn og annað sem er síað úr matarsalti. Því er ekki hægt að fullyrða við það sé alls engin hætta fólgin í notkun iðnaðarsalts til matvælaframleiðslu. Á þeim grunni teljum við að það sé okkar verkefni að taka afstöðu með neytendum. Ef varan er ekki örugg á hún ekki að vera á markaði.“

Heilbrigðiseftirlitið birti á sunnudag lista yfir þau fyrirtæki sem höfðu keypt iðnaðarsalt af Ölgerðinni, og var þar að finna mörg stærstu matvælafyrirtæki landsins.




**EKKI HÆFT TIL ÁTU** Þó að litlar líkur séu á að iðnaðarsaltið sem Ölgerðin seldi sé mengað, taldi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ekki ástæðu til að heimila sölu umframbirgða til matvælafyrirtækja.
MYND AF VEF ÖLGERÐARINNAR

Neytendasamtökin hafa gagnrýnt þau fyrirtæki sem um er að ræða harðlega og sagði Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna, meðal annars að þar lægi ábyrgðin fyrst og fremst.

Sláturfélag Suðurlands (SS) er meðal þeirra sem keyptu umrædda vöru.

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, segir í samtali við Fréttablaðið að varan hafi verið keypt í góðri trú um að hún væri ætluð til matvælaframleiðslu.

„Það hafa átt sér stað mistök hjá Ölgerðinni, en það eru líka okkar mistök að kalla ekki sjálf eftir vottun frá framleiðendum saltsins.“

Steinþór segir að í kjölfar þessa máls hafi starfsreglum SS verið breytt í þá veru og tekur jafnframt fram að SS hafi ekki notað umrætt salt í framleiðslu frá marsmánuði á síðasta ári. thorgils@frettabladid.is

## Játa mistök en harma birtingu lista

Ölgerðin segist í tilkynningu á heimasíðu sinni harma að nöfn þeirra fyrirtækja sem keyptu iðnaðarsalt af þeim hafi verið birt opinberlega.

Haft er eftir framleiðanda saltsins að það sé „hættulaust til neyslu“.

Þar segir einnig: „Ölgerðin […] og fulltrúar þess hafa aldrei reynt að blekkja einn eða neinn hvað þessa vöru varðar. Saltið hefur alltaf verið afhent í upprunalegum umbúðum og engin tilraun verið gerð til að fela útlit og eiginleika vörunnar.“

Loks segir: „Ölgerðin og þau fyrirtæki sem notuðu þetta salt í matvælaframleiðslu hafa viðurkennt andvaraleysi og mistök, vegna þess að saltið var ekki stimplað „food grade“ og hafði ekki tilskylda vottun til nota í matvælaiðnaði. Ölgerðin biðst afsökunar á þeim mistökum.“

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**Skoda Octavia** 1.6 TDI 105 hestöfl kostar frá kr. 3.570.000

---

HEKLA

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



**FUGLAFÓÐRUN** Dileep Mahtre fóðrar máva á ströndinni Chowpatty í Mumbaí á Indlandi í gærmorgun. Hann hefur í áratug yfir vetrarmánuðina gefið farfuglum frá Síberíu og Ástralíu fóður. NORDICPHOTOS/AFP

Ný kínversk rannsókn sýnir breytingar á taugaþráðum í heila:

# Netfíkn getur breytt heilastarfsemi

**HEILBRIGÐISMÁL** Sérfræðingar í Kína hafa fundið tengsl á milli of mikillar netnotkunar og breytingar á heilastarfsemi. Alls tóku 35 manns, á aldrinum 14 til 21 árs, þátt í rannsókninni. Sautján þeirra voru með netfíkn.

Þátttakendur voru settir í heilaskanna og komu í ljós breytingar í taugaþráðum í heila hjá þeim sem glíma við netfíkn. Breytingarnar á taugaþráðunum geta haft áhrif á tilfinningar, hæfni til að taka ákvörðun og sjálfstjórn.

Dr. Hao Lei, sem stýrir rannsóknarteyminu, segir breytingar á heilastarfsemi netfíklanna sams konar og hafa mælst hjá fólki sem á við áfengis- og eða vímuefnafíkn að stríða.

Dr. Henrietta Bowden-Jones, ráðgjafi og fyrirlesari hjá Imperial College í London, segir þessar niðurstöður staðfesta þann grun sem lengi hefur verið uppi um að breytingarnar stafi ekki eingöngu af misnotkun vímuefna, heldur geti þær einnig komið til af mikilli tölvunotkun. Ljóst þyki að gera þurfi frekari rannsóknar áður en hægt er að staðfesta þessar niðurstöður. - trs



**Á NETINU** Ný rannsókn sýnir tengsl á milli netfíknar og heilaæxlis. NORDICPHOTOS/GETTY

Uppnám í danska þinghúsinu:

# Grunsamlegt duft var ostur

**DANMÖRK Varúðarráðstafanir voru gerðar í danska þinghúsinu í gær eftir að starfsfólk fann hvítt duft á bókasafni á þriðju hæð. Var jafnvel talið að um hættulegt efni væri að ræða.**

**Lögregla lokaði húsinu í hálfa aðra klukkustund.**

**Við nánari grennslan kom í ljós að duftið var allsendis meinlaust. Reyndist það vera hveiti eða parmesan ostur að því er danskir miðlar hafa eftir lögreglunni.**

**Engin röskun varð á starfi þingmanna.** - þj

Í átján mánaða fangelsi:

# Síbrotamaður fær 45. dóminn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt 53 ára mann, Bjarna Leif Pétursson, í átján mánaða fangelsi fyrir alvarlega líkamsárás, bílþjófnað, fjársvik og vopnaburð á almannafæri. Í árásinni sparkaði hann ítrekað í höfuð þolandans og hrinti honum niður stiga með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði.

Bjarni hefur hlotið 45 refsidóma frá árinu 1975, þar af fyrir þrjú rán og fjórar líkamsárásir. Síðast hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm í Kaupmannahöfn í desember 2007 fyrir ránstilraun, nauðungarbrot, hótun og vopnalagabrot. Hann var látinn laus á reynslulausn og eru eftirstöðvar þess dóms nú teknar upp. - sh

## BORGARBYGGÐ

### Engin hækkun í leikskólum

Ekkert verður af áður ákveðinni hækkun á leikskólagjöldum sem taka átti gildi í Borgarbyggð á þessu ári. Í tillögu sem sveitarstjórnin samþykkti segir að tekjur Borgarbyggðar hafi hækkað umfram áætlanir í fyrra. Meðal annars hafi tekjur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið vanáætlaðar.

# Fjalla þarf um fjármálaáfall í þjóðaröryggisstefnu

**Vinna við mótun fyrstu þjóðaröryggisstefnu sem unnin hefur verið hér á landi er nú hálfnuð miðað við skipunartíma þingmannanefndar. Sérfræðingar segja að í stefnunni verði að fjalla um fjölbreyttar ógnir.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað þurfa þingmenn að hafa í huga þegar þeir móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland?

Nefnd tíu þingmanna sem hafa það verkefni að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland hefur nú notað helming þess tíma sem henni var úthlutað til að ljúka verkinu, en hún á að skila niðurstöðu í júní.

Nefndin stendur frammi fyrir ýmsum erfiðleikum, enda Ísland ekki þurft að móta sér sína eigin þjóðaröryggisstefnu fram til þessa, þar sem varnir landsins hafa verið á hendi Bandaríkjanna.

Ísland er ekki eina ríkið sem vinnur að slíkri stefnu. Flest önnur ríki eru ýmist að vinna í nýrri stefnu eða að uppfæra eldri þjóðaröryggisstefnu, sagði Alyson Bailes, aðjúnkt við Háskóla Íslands, á ráðstefnu um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland í gær.

Bailes sagði afar mikilvægt að vanda til verka, enda þurfi ríki að sína stöðuglyndi þegar komi að öryggi ríkisins. Öryggisstefna sem breytist þegar ný ríkisstjórn tekur við eða ráðherrar skipta um stóla sé lítils virði. Vegna þessa er mikilvægt að finna stefnunni grunn sem allir stjórnmálaflokkar geti sætt sig við.

Þátttakendur á ráðstefnunni, sem haldin var af NEXUS, rannsóknarvettvangi á sviði öryggis- og varnarmála, höfðu ólíkar skoðanir á því hvaða atriði þingmenn þurfi helst að hafa í huga við mótun þjóðaröryggisstefnunnar. Allir voru þó sammála um að ógn af hernaðarátökum væri í besta falli fjarlæg og ólíkleg í þessum heimshluta.

Þó að taka þurfi á nýjum hættum á borð við hryðjuverk, skipulagða glæpastarfsemi og tölvuárásir í þjóðaröryggisstefnunni eru aðrar ógnir nærtækari, sagði Bailes. Nýja stefnan þarf að taka tillit til hættu af völdum náttúruhamfara, stórslysa og smitsjúkdóma, sem eru líklegri til að hafa áhrif hér.

„Ef ég væri að skrifa þjóðaröryggisstefnu á Íslandi í dag yrði það fyrsta sem ég skoðaði líklega ógnin af öðru fjármálaáfalli,“ sagði Bailes. Hún sagði nær óhugsandi að fjalla ekki um hættuna af slíku áfalli í nýrri þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Tölvuárásir eru ógn sem verður að taka alvarlega, sagði Jón Kristinn Ragnarsson, sérfræðingur í netöryggismálum hjá Deloitte. Hann sagði lítið hald í að skýla sér bak við það að enginn vilji ráðast á litla Ísland. Dæmin sýni að netárásir séu gerðar af litlu tilefni, enda geti hver sem er staðið í slíkum árásum fyrir lítið fé með einfaldri netleit.

Ólíklegt er að alvarlegustu ógnirnar sem Ísland stendur frammi fyrir verði að veruleika, en þar sem afleiðingarnar gætu orðið alvarlegar þarf að búa sig undir þær, sagði Böðvar Tómasson, sérfræðingur í öryggismálum hjá verkfræðistofunni EFLA. Hann nefndi í því samhengi tölvuárásir og allt sem ógnað gæti matvælaöryggi landsins.

Hlýnun jarðar af mannavöldum er eitt af því sem verður að fjalla ýtarlega um í þjóðaröryggisstefnunni, sagði Auður H. Ingólfsdóttir, sviðsstjóri félagsvísindasviðs Háskólans á Bifröst. Hún sagði þessa ógn óþrjóvisi en flestar sem Ísland standi frammi fyrir, ekki síst vegna þess hversu óáþreifanleg hún sé og hversu erfitt sé að bregðast við henni.

Þingmennirnir tíu sem móta nú þjóðaröryggisstefnu þurfa að hafa öll þessi atriði og fleiri í huga við mótun stefnunnar. Á endanum er það Alþingi sem þarf að taka afstöðu til málsins og móta fyrstu þjóðaröryggisstefnu landsins.

brjann@frettabladid.is

## Hernaðarlegt öryggi upphafspunkturinn



**ÓGNIR** Þó að Ísland þurfi ekki að hafa áhyggjur af hernaðarógnum er að mörgu að hyggja við gerð þjóðaröryggisstefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrátt fyrir að hernaðarógn sé ekki til staðar í þessum heimshluta er hernaðarlegt öryggi landsins alltaf ákveðinn upphafspunktur við mótun þjóðaröryggisstefnu, sagði Alyson Bailes í gær. Hún sagði trúlegt að besta aðferðin til að tryggja öryggi sé áframhaldandi vera í Atlantshafsbandalaginu.

Hún benti einnig á ákvæði í sáttmála Evrópusambandsins sem tryggi viðbrögð við stórtjóni af öðrum en hernaðarlegum orsökum, svo sem vegna náttúruhamfara, tölvuárása, sjúkdómsfaraldurs eða annarra ógna. Norðurlöndin hafa raunar þegar gert sambærilegt samkomulag.


# Þorrablót

**Húnvetningafélagsins og Húnakórsins verður haldið laugardaginn 21. janúar 2012 í Húnabúð, Skeifunni 11.**

Húsið opnað kl. 19.00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.
Veislustjórar eru Eyrún og Ragnar Karl.

Miðaverð 5900.- Matur frá Nóatúni, dansiball og skemmtun.
Miðasala á hunabud@gmail.com og í Húnabúð, Skeifunni 11, 3. hæð, þriðjudag 17. og 18. janúar frá kl. 18.00 - 21.00.

Nánari upplýsingar gefa Ingunn 822-2464 og Berglind 698-7719





Twitter og Facebook saka Google um að raða leitarniðurstöðum eftir hentugleika:

# Hygla Google+ á kostnað hinna

**TÆKNI** Samskiptavefurinn Twitter sakar nú forsvarsmenn leitarvélarinnar Google um að gera nýrri samskiptasíðu sinni hærra undir höfði en síðna keppinautana þegar kemur að leitarniðurstöðum.

Google stendur nú í breytingum og á nýja síðan, Search plus Your World, að raða leitarniðurstöðum eftir því sem passar þeim sem leitar. Þessar breytingar skila sér í því að upplýsingar af síðunum Twitter og Facebook birtast neðar á leitarlistanum.

Alex Macgillivray, ráðgjafi hjá Twitter, segir að neytendur hafi hingað til getað treyst því að Google færði þeim sem áreiðanlegastar niðurstöður, en að með breytingunum séu þeir að koma sinni samskiptasíðu, Google +, hærra á lista leitarniðurstaðna á kostnað áreiðanleikans.

Talsmenn Facebook-samskiptavefsins hafa einnig kvartað yfir nýjum leitaraðferðum Google.

Forsvarsmenn Google segja að Twitter menn hafi ákveðið að framlengja ekki samning við Google sem rann út í sumar svo Google hafi ekki heimild til að nálgast upplýsingar sem þeir þurfa hjá Twitter og Facebook til að geta raðað þeirra síðum ofar í leitarvélinni. - trs



**LEIT** Google leitarvélin raðar nú niðurstöðum af Google+ samskiptavef sínum ofar en niðurstöðum af Twitter og Facebook. NORDICPHOTOS/GETTY



CHICAGO TOWN
LEIKURINN
1
Safnaðu kóðum sem eru inni í pakkanum
2
Stimplaðu inn kóðann á vefsíðuna
www.chicagotown.com/freetuckinstuff
3
Safnaðu nógu mörgum kóðum og þú getur fengið fjölda vinninga!
DEEP DISH iPhone dokku
Aðeins 25 kóðar
DEEP DISH Gaffall & diskur
Aðeins 18 kóðar
DEEP DISH Pizzuskeri
Aðeins 15 kóðar
DEEP DISH Tímaklukka
Aðeins 10 kóðar
DEEP DISH Kanna
Aðeins 5 kóðar
Byrjaðu að safna í dag, allar nánari upplýsingar eru á:
www.chicagotown.com/freetuckinstuff
Collect codes, get online and get yourself
FREE
TUCK IN STUFF
Deep Dish Cutter
CHICAGO TOWN
2 FOUR CHEESE PIZZAS
Collect codes, get online and get yourself
FREE
TUCK IN STUFF
Deep Dish Cutter
CHICAGO TOWN
2 PEPPERONI PIZZAS
THE Deep DISH
2x170g (340g) e
Nældu þér í Chicago Town Deep Dish í dag og byrjaðu að safna!

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**0,98** **PRÓSENTA HÆKKUN** varð í gær á gengi hlutabréfa fjörutíu stærstu fyrirtækjanna á norræna Nasdaq OMX markaðinum.

# Finnbogi hætti í kjölfar óánægju

**FRÉTTASKÝRING**

Bjó meira að baki starfslokunum?

Finnbogi Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), hætti störfum hjá sjóðnum í byrjun janúar í kjölfar töluverðrar óánægju meðal eigenda sjóðsins með störf hans. Krafa var um að Finnboga yrði sagt upp störfum og í kjölfarið ákvað hann sjálfur að segja starfi sínu lausu. Á meðal þeirra mála sem ollu óánægju í eigendahópnum voru höfnun á tilboði fjárfestingafélagsins Trítons í Icelandic, ráðning Lárusar Ásgeirssonar sem forstjóra Icelandic, kaup sjóðsins í N1 og það sem margir í eigendahópi FSÍ vildu meina að væri eðlisbreyting á hlutverki sjóðsins. Þetta hefur Fréttablaðið eftir heimildum víðs vegar úr eigendahópi FSÍ.

FSÍ var stofnsettur í lok árs 2009 af sextán lífeyrissjóðum. Tilgangur hans var að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar bankahrunsins. Síðar komu Landsbankinn, sem í dag er stærsti einstaki eigandi sjóðsins, og VÍS inn í eigendahópinn.

**Kynnti endurmat eftir uppsögn**

Það kom mörgum á óvart þegar Finnbogi ákvað að kynna endurmat á eignum FSÍ á hádegisfundi hjá Félagi löggiltra endurskoðenda miðvikudaginn 4. janúar síðastliðinn, en þar kom fram að virði þeirra hefði aukist um tæp 100% á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að ákvörðun um starfslok Finnboga hafi verið tekin áður en sá fundur fór fram. Hann hafi því verið sá síðasti sem Finnbogi kom opinberlega fram fyrir hönd FSÍ.

Daginn eftir fundinn, fimmtudaginn 5. janúar, sendi FSÍ frá sér tilkynningu til fjölmiðla þar sem sagt var frá því að Finnbogi hefði „ákveðið að láta af störfum sem framkvæmdastjóri“.

**Náði óumdeildum árangri**

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur verið töluverð óánægja með framgöngu Finnboga í starfi innan lífeyrissjóðanna sem stofnuðu og eiga stærstan hluta FSÍ, þrátt fyrir að hann hafi óumdeilanlega náð miklum árangri í að ávaxta virði þeirra eigna sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Óánægjan snerist meðal annars um slök samskipti við fjölmiðla og aðra upplýsingagjöf. Þá þykir hann hafa tekið ákvarðanir sem samrýmast ekki þeim tilgangi sem sjóðurinn átti að þjóna. Meðal annars hefur eigendum FSÍ fundist hann halda of lengi á þeim eignum sem FSÍ hefur keypt og þar með ekki verið sá umbreytingasjóður sem hann átti upphaflega að vera.

**Ráðning Lárusar tortryggð**

Fyrir rétt um ári ákvað FSÍ að hætta viðræðum við fjárfestingasjóðinn Tríton um að fá hann inn sem hluthafa í Icelandic. Í kjölfarið sögðu helstu stjórnendur félagsins upp störfum, meðal annars forstjóri þess. Hluti af starfsemi Icelandic var síðar seldur til annarra fjárfesta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var mikil óánægja með þessa stefnubreytingu hjá hluta eigendahóps FSÍ. Þá fór það fyrir brjóstið á mörgum aðstandendum sjóðsins þegar Lárus Ásgeirsson, mágur Finnboga, var ráðinn forstjóri Icelandic Group sem er í 100% eigu FSÍ, í október síðastliðnum. Finnbogi sagði við fréttastofu Stöðvar 2 á þeim tíma að hann hefði ekki haft neina aðkomu að ráðningu Lárusar, enda sæti hann ekki í stjórn Icelandic. Vegna þeirrar óánægju sem var með störf Finnboga skapaðist þrýstingur í baklandi sjóðsins um að segja honum upp. Í kjölfarið ákvað hann að hætta störfum.

thordur@frettabladid.is

## Kaup í N1 afdrifarík

Greint var frá því í fjölmiðlum í september í fyrra að gríðarlegar deilur hefðu sprottið upp þegar FSÍ keypti 15% hlut í eldsneytis- og smásölurisanum N1. Samhliða myndaði sjóðurinn félag utan um meirihlutaeign í fyrirtækinu með Íslandsbanka og nokkrum lífeyrissjóðum sem tryggði að minnsta kosti 55% eignarhlut.

Mikil óánægja var innan Arion banka með þessi kaup, en bankinn varð stærsti einstaki eigandi N1 eftir fjárhagslega endurskipulagningu þess sumarið 2011 með 38,9% eignarhlut. Þann eignarhlut fékk bankinn vegna þess að hann var stærsti kröfuhafi fasteignafélagsins Umtaks, eiganda allra fasteigna sem hýsa starfsemi N1, og átti veð í öllum eignum þess félags. Tveimur vikum síðar var tilkynnt um að FSÍ myndi kaupa hlut Arion líka og þar með átti að höggva á þann hnút sem var kominn upp. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að aldrei hafi gróið um heilt eftir þessi viðskipti. Þær deilur höfðu áhrif á þann þrýsting sem skapaðist um að segja Finnboga Jónssyni upp störfum.



**HÆTTUR** Finnbogi Jónsson hefur staðið upp úr stól framkvæmdastjóra FSÍ. Hann


# Framúrskarandi
lausnir á einum stað

RÁÐGJÖF
Hjá Rue de Net starfar samstíga hópur sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri og innleiðingu viðskiptakerfa.

VIÐSKIPTALAUSNIR
Bjóðum uppá þrautreyndar viðskiptalausnir, eins og Microsoft Dynamics NAV og LS Retail.

SAMÞÆTTING
Við hjálpum þér að fá meira út úr fjárfestingu í viðskiptalausnum með samþættingu við önnur upplýsingakerfi.

KERFISÖRYGGI
Við tryggjum hámarks virkni og áreiðanleika viðskiptalausna þinna.



REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF
Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

rue de net
www.ruedenet.is

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavík - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is





**SÍMINN** Mikill vöxtur er á markaði fyrir 3G netlykla. Frá miðju ári 2010 og fram til júníloka 2011 fjölgaði viðskiptavinum á honum um fjórðung. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Símanum gert að greiða 60 milljónir í sekt:

# Síminn með um helmingshlutdeild

**VIÐSKIPTI** Síminn þarf að greiða 60 milljónir króna í sekt vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni með tilboði sem fyrirtækið gerði notendum sínum vegna svokallaðra 3G netlykla (punga). Alls nam markaðshlutdeild Símans á þessum markaði 47,6% um mitt síðasta ár og hefur farið vaxandi. Þetta er þriðja sektargreiðslan sem samkeppnisyfirvöld hafa gert Símanum, eða móðurfélagi hans Skiptum, að greiða á undanförnum tæpum tveimur árum. Heildarupphæð sektargreiðslnanna er 510 milljónir króna. Einu málinu var lokið með sátt þar sem Skipti samþykkti að greiða 400 milljóna króna sekt. Hinum tveimur málunum, sem snúa beint að Símanum, hefur verið vísað til dómstóla til frekari umfjöllunar.

Sumarið 2009 bauð Síminn upp á tilboð sem í fólst að nýjum viðskiptavinum hans á 3G netlyklamarkaði var boðið að fá fríar netlykil og fría áskrift í þrjá mánuði gegn því að binda sig í viðskiptum í sex mánuði. Nova, samkeppnisaðili Símans, kvartaði yfir tilboðinu til Samkeppniseftirlitsins sem ákvað að banna það í júlí 2009. Það komst síðan að þeirri niðurstöðu í september síðastliðnum að Síminn hefði verið með markaðsráðandi stöðu á umræddum markaði og gerði fyrirtækinu að greiða 60 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Þeirri ákvörðun var vísað til áfrýjunarnefndar sem staðfesti hana síðastliðinn fimmtudag. Síminn ákvað í kjölfarið að skjóta niðurstöðunni til dómstóla.

Markaður fyrir 3G netlykla fer ört vaxandi. Frá miðju ári 2010 og fram til júníloka 2011 fjölgaði viðskiptavinum á honum um fjórðung, eða rétt tæp tíu þúsund.

Samkvæmt nýjustu tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um íslenskan fjarskiptamarkað er Síminn með 47,6% markaðshlutdeild á 3G netlyklamarkaði. Markaðshlutdeild fyrirtækisins jókst milli ára. Nova er næststærsti aðilinn á þessum markaði með 27,4% markaðshlutdeild og hefur tapað um fimmtungi af þeirri markaðshlutdeild sem fyrirtækið var með sumarið 2010. - þsj

# SJÁÐU VOLVO XC

**Opið í dag 9-17**
**Bíldshöfða 6**

Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegun eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



## VOLVO SEGIR ÞÉR HVER ÞÚ ERT OG HVAÐ ÞÚ GETUR



**Volvo XC90 AWD**
D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. $CO_2$ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.




**Volvo XC70 AWD**
D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



**Volvo XC60 AWD**
D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6.**
**Opið í dag 9-17.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndum í auglýsingu.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þrjú mál sem bera vitni um vanþróun:

# Salt, sílíkon og kadmíum

Stóra saltmálið kemur upp í beinu framhaldi af sílíkonpúðamálinu sem aftur kom upp í framhaldi af kadmíum-málinu. Þessi mál eru vissulega ekki algerlega sambærileg. Öll bera þau þó ákveðinni vanþróun vitni og afhjúpa annars vegar fyrirtæki sem selja vöru eða þjónustu og velja að taka hagsmuni sína fram yfir hagsmuni neytenda eða almennings og hins vegar að annaðhvort skortir eftirlit með starfseminni eins og í brjóstapúðamálinu eða að eftirlitsstofnanir sem eiga að gæta hagsmuna almennings bregðast hlutverki sínu.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Í saltmálinu flytur fyrirtæki inn iðnaðarsalt í dyggilega merktum pokum og selur til matvælaframleiðslu. Matvælaframleiðendurnir kaupa saltið í dyggilega merktu pokunum og nota í vinnslu matvæla. Þetta gengur í áraraðir og allir una glaðir við sitt þar til eftirlitsaðilinn uppgötvar hvers kyns er og gerir athugasemd. Hann veitir engu að síður innflytjandanum undanþágu til að klára birgðir sínar og virðist þannig meta stöðuna sem svo að það standi stjórnsýslunni nær að gæta fjárhagslegra hagsmuna innflytjandans og matvælaframleiðendanna en hags neytenda sem kaupa matvæli söltuð með salti sem ekki er ætlað til manneldis.

Brjóstapúðarnir sem fylltir voru með iðnaðarsílíkoni voru vissulega fölsuð vara, þ.e. erlendi framleiðandinn beitti blekkingum vísvitandi. Þeir voru því ekki merktir á þann veg að í þeim væri iðnaðarsílíkon en ekki sílíkon sem ætlað er til nota innvortis í fólki. Þegar upp komst um svindlið brást sá sem púðana hafði notað hins vegar ekki við með áætlun um að gera þeim konum viðvart sem fengið höfðu púðana. Í því máli er ekki síður umhugsunarvert að engin skráningarskylda skuli vera á aðgerðum á borð við brjóstastækkanir. Vissulega er þar ekki um læknisaðgerð að ræða í þeim skilningi að sú sem lætur stækka brjóst sín er ekki sjúklingur sem læknaður er heldur kaupandi tiltekinnar þjónustu. Engu að síður er aðgerðin unnin af læknum og um er að ræða talsvert inngrip sem reynslan hefur að auki sýnt að getur haft í för með sér margvísleg vandamál síðar.

Í áburðarmálinu kom í ljós við eftirlit að kadmíum-innihald í tilteknum áburði var yfir viðmiðunarmörkum. Eftirlitsaðilinn greindi hins vegar ekki frá niðurstöðunni þannig að áfram var haldið að selja áburðinn og nota hann þannig að nú eru skepnur fóðraðar með fóðri sem aflað var með notkun áburðarins. Þessar skepnur skila svo sínum afurðum til neyslu.

Á Ísland er almennt litið sem þróað land og við sem hér búum viljum líta þannig á að svo sé. Málin þrjú sem upp hafa komið á þeim rúmu tveimur vikum sem liðnar eru af árinu 2012 bera hins vegar vott um bæði vanþróaða stjórnsýslu og viðskiptasiðferði.

Bent hefur verið á að ef eftirlitskerfið er svo veikt sem raun ber vitni geti verið verr af stað farið en heima setið. Aðrir halda því þó fram að nær sé að eftirlitsaðilarnir sinni hlutverki sínu af ábyrgð. Hitt er ekki síður umhugsunarefni að menn sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækja skuli ekki sýna meiri ábyrgð og metnað en fram kemur í dæmunum þremur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðið í ráðendur

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifaði á Facebooksíðu sína að hún væri „farin að hallast að því að „ráðendur" noti iðnaðarsaltið til að tala niður íslenska framleiðslu og landbúnaðarafurðir" og sagði „krataáróðurinn" stefna í þá átt. Margir klóruðu sér í höfðinu yfir þessari færslu þingmannsins, en hún upplýsti það síðar að einhver fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar hefði sett eitthvað inn á sína síðu um að hann vildi ekki íslensk matvæli. Þessi fjöður varð síðan, í meðförum hinnar málglöggu Vigdísar, að fimm hænum. Íslenskum að sjálfsögðu.



### Allt snýst um ESB

Kollegi Vigdísar í þingflokknum, Ásmundur Einar Daðason, sá á dögunum í gegnum ESB-samsæri er sneri að friðun fimm fuglategunda. Svo virðist sem þeim, líkt og fjölmörgum skoðanasystkinum þeirra, sé lífsins ómögulegt annað en að tengja alla mögulega og ómögulega hluti við Evrópusambandið.



Aðrir kjósa vitræna umræðu um málið.

### Sambest sameining?

Besti flokkurinn og Samfylkingin mynda, sem kunnugt er, meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Flokksmönnum virðist líða vel í því samstarfi, svo vel raunar að athygli vakti hvernig fulltrúar flokkanna bókuðu í heilbrigðisnefnd á dögunum. Þar var ekki vísað í flokkana tvo heldur talað um fulltrúa Sambest. Kannski þetta sé byrjunin á því sem koma skal og Dagur B. Eggertsson leiði lista Sambest í næstu kosningum.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvað ef hið óhugsandi gerist?

Björgunarstarf



Þórir Guðmundsson
sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða kross Íslands

Við Íslendingar búum í landi eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða og veðurofsa. Í ellefuhundruð ára sögu byggðar höfum við lært að búa við þau skilyrði sem náttúran setur okkur.

Á undanförnum árum höfum við að auki byggt upp kerfi fyrir viðbrögð við vá. Björgunarsveitir bjarga fólki, Rauði krossinn hlúir að þeim sem þurfa að yfirgefa heimili sín með skjóli, fæði og klæðum eins og með þarf. Opinberir aðilar skipuleggja starfið undir forystu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Sem betur fer hafa hamfarir, sem yfir okkur hafa dunið, verið tiltölulega takmarkaðar í tíma og rúmi. Eldgosið í Heimaey er eina dæmið um miklar náttúruhamfarir sem hafa haft áhrif á mörg þúsund manna bæjarfélag hér á landi.

En hvað ef hið mikla og óvænta gerist, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu sem sífellt stækkar? Hvað ef atburður eins og jarðskjálftinn á Haítí fyrir tveimur árum – sem kom flestum á óvart – verður á Íslandi? Erum við undirbúin?

Á vettvangi Rauða krossins hefur verið mikil umræða um viðbúnað við neyð meðal þróaðra þjóða. Japanar, Nýsjálendingar, Ástralar og jafnvel Bandaríkjamenn hafa allir nýlega þurft að þiggja alþjóðlega aðstoð.

Liður í undirbúningi fyrir að hið óhugsandi gerist er að skoða hvernig við getum þegið alþjóðlega aðstoð, ef á henni reynist þörf. Lög og reglur – hér á landi líkt og annars staðar – geta nefnilega reynst Þrándur í Götu aðstoðar á neyðarstund.

Miðað við núgildandi lög er óvíst nema við myndum neita að hleypa leitarhundum inn í landið, krefjast vegabréfsáritunar af sumum erlendum hjálparstarfsmönnum og fara fram á ítarlega og tafsama tollmeðferð fyrir hjálpargögn.

Að tillögu Rauða krossins lýstu íslensk stjórnvöld því yfir á nýafstaðinni Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Genf að þau hygðust láta fara fram skoðun á því hvaða lög og reglur geta virkað sem hindranir í vegi alþjóðlegrar aðstoðar, ef til neyðarástands kemur.

Í stjórnkerfinu og á vegum Rauða krossins er verið að vinna að málinu. Það er mikilvægt og brýnt. Við þurfum að hafa að leiðarljósi spurninguna: Hvað ef hið óhugsandi gerist – á morgun?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Orðspor

Í DAG



**Jónína Michaelsdóttir**
blaðamaður

Bæjarstjóranum í Kópavogi hefur verið tilkynnt að hann njóti ekki lengur trausts. Ekki hefur verið gefið upp hvers vegna þegar þetta er skrifað. Fjölmiðlar og netmiðlar sjá til þess að öll heimili í landinu vita nú að þessari konu er ekki treystandi. Þangað til annað kemur í ljós. Hafi hún brotið af sér, á það ekki að vera leyndarmál. En sé hér um að ræða pólitíska geðþóttaákvörðun að litlu eða engu tilefni er þetta mannorðsatlaga. Það þarf ekki meira en tveggja daga óvissu til þess að það festist í gullfiskaminni almennings að þessi kona hafi verið rekin úr starfi bæjarstjóra, muna kannski ekki hvers vegna, nema að hún brást trausti.

### Þjóðin og tungan

Orðspor þjóðarinnar hefur verið talsvert í umræðunni frá hruni og bæði ráðamenn og almenningur anda léttar og rétta úr bakinu þegar það lagast smám saman. Þó að við séum ekki eins stórtæk og hetjur Íslendingasagna við að endurheimta skert mannorð þá er ekki auðvelt að verða fyrir slíku að ósekju og losna aldrei við það.

Með allri virðingu fyrir því að tungumálið fái annan svip við gjörbreyttar aðstæður og ný gildi þá hefur orðið umtalsvert gengisfall á orðfæri hér og þar, til dæmis á notkun lýsingarorða. Allt sem kveikir í því besta í tilfinningaflórunni, gleði og hrifningu er lýst með orðum sem til skamms tíma voru til annars brúks og kannski ekkert við því að segja. Þetta er tungutak nútímans. En það sem er síður ásættanlegt er að fólk rýnir ekki í orðin. Hugsar ekki út í hvað þau merkja. Segja hugsunarlaust um það sem gleður mest að það sé ógeðslegt, truflað, geggjað, fríkað og geðveikt. Ekki aðeins í vinaspjalli, heldur er þessi málhefð viðhöfð bæði á prenti og í útvarpi. En semsagt – það er málfrelsi í landinu og menn ráða sínu tungutaki, sem betur fer.

### Ekki í bófahasar

Á samskiptasíðum og bloggi er stundum verið með slúður og ögrandi tilgátur sem er útátalaust að senda frá sér, því að það verður svarað í sömu mynt. Mér finnst hins vegar ósæmilegt hvað margir þingmenn þjóna lund sinni í þessum efnum og hvað umræðan á alþingi er oft skyldari ávirðingum og nöldri en málefnalegri umræðu um þjóðþrifamál. Sjálfsupphafningin er oft með ólíkindum.

> Þó að við séum ekki eins stórtæk og hetjur Íslendingasagna við að endurheimta skert mannorð þá er ekki auðvelt að verða fyrir slíku að ósekju og losna aldrei við það.

Alþingismenn eru náttúrlega í vinnunni, ekki í bófahasar. Og eiga að vera góðar fyrirmyndir. Þeir eiga að gefa almenningi þá tilfinningu að landinu sé vel stjórnað. Sama á við um sveitarstjórnir, en þeirra fundir eru ekki sýndir í ríkisjónvarpinu. Þetta á alltaf við, en sjaldan hefur verið mikilvægara fyrir þjóðina að geta treyst þeim sem fara með völd í landinu en núna. Enginn vex af því að lítillækka annan. Þvert á móti. „Sjáiði hvernig ég tók hann piltar!“ er hallærisleg skrýtla. Sá sem er öruggur innra með sér þarf ekki að halda sýningu á því. Þeim sem ekki skilja það er vorkunn.

Þetta er síðasti pistill sem ég skrifa sem fastur penni hjá Fréttablaðinu. Lesendum pistlanna þakka ég skemmtilegar og uppörvandi athugasemdir á liðnum árum.

# Rúv heillum horfið

Fjölmiðlar og dómsmál



**Kristín Þorsteinsdóttir**
var um árabil fréttamaður á Rúv og starfaði um skeið hjá Baugi.

Enn á ný ryðst slitastjórn Glitnis fram í fjölmiðla með nýja stefnu. Nú fyrir íslenskum dómstólum. Sama slitastjórnin sem fyrir nokkrum misserum treysti ekki þeim íslensku og leitaði því á náðir bandarískra dómstóla. Og enn tromma íslenskir fjölmiðlar undir.

Þrjú ár eru síðan formaður slitastjórnar Glitnis tók við því starfi. Ári síðar var farið með miklu offorsi með stefnur á hendur stjórnendum og eigendum bankans með miklum tilkostnaði og beinum útsendingum án þess að nokkuð hefðist uppúr því.

Nú virðist sama upp á teningnum. Nú á að ná inn fer málið fyrst til fjölmiðla áður en viðkomandi eru birtar stefnurnar? Spila himinháar greiðslur til sérstakrar lögmannsstofu slitastjórnarinnar eitthvað inní þetta? Má ekki slitastjórnarlögmannsstofan Holm & Partners við tekjutapinu? Eða ferðalögin, sem fylgja starfinu? Er það þess vegna sem þetta dregst á langinn? Af hverju er ekki málum slitastjórnarinnar vísað til ótengdra þriðju aðila í auknum mæli, líkt og tíðkast í löndunum í kringum okkur? Er það vegna þess að vinnubrögðin þola ekki skoðun óvilhallra manna?

Í siðuðu viðskiptaumhverfi væri það ekki liðið, að slitastjórn í fjármálafyrirtæki færði fjármuni úr vösum kröfuhafa og yfir í sérstaklega uppsetta lögmannsstofu í eigu sjálfra forsvarsmanna slitastjórnarinnar. Hver er annars tryggingin í því? Ætlar Steinunn Guðbjartsdóttir í mál við eigin lögmannsstofu ef lögmenn stofunnar baka kröfuhöfum milljörðum og að sögn liggja fyrir sannanir um ábyrgð þeirra sem í hlut eiga. Stefnan er lesin upp orðrétt í Kastljósi Ríkisútvarpsins, þann 12. janúar síðastliðinn án nokkurra athugasemda, eins og um hreinan sannleika sé að ræða.

> Hvað með hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins, hugsanleg tengsl veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna, sanngirni, óhlutdrægni, mismunun og þá þumalputtareglu að leyfa fólki að njóta vafans? Kannski að það hafi allt horfið með ohf-inu.

Hvað með hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins, hugsanleg tengsl veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna, sanngirni, óhlutdrægni, mismunun og þá þumalputtareglu að leyfa fólki að njóta vafans? Kannski að það hafi allt horfið með ohf-inu.

Sem fyrrverandi starfsmanni fréttastofu ríkisútvarpsins sárnar mér. Mér þykir leitt að svo slæleg vinnubrögð séu viðhöfð á þessum góða vinnustað. Enginn á skilið „fréttaafgreiðslu“ af þessum toga.

Af hverju er engra spurninga spurt? Dómarinn sá ekki sannanirnar í New York-málinu. Standast fullyrðingar um sannanir eitthvað frekar núna? Var það einfeldningsháttur af hálfu slitastjórnarinnar að láta leiða sig til New York? Af hverju Glitnis tjón? Harla ólíklegt. Væru ekki öll venjuleg fyrirtæki búin að setja spurningamerki við svona vinnubrögð?

Á mínum Rúv-árum iðaði fólk í skinninu af metnaði til að varpa ljósi á stöðu mála í samfélaginu. Við trúðum því að það væri okkar hlutverk að veita valdsmönnum og öðrum ráðamönnum landsins málefnalegt aðhald. Við töldum það skyldu okkar að ýta undir uppbyggilega rökræðu í landinu. Drottningarviðtöl voru ekki komin til sögunnar.

Undirgefni sumra fjölmiðla við skila- og slitastjórnarmenn bankanna er með ólíkindum. Þeir einfaldlega neita að mæta í viðtöl og umræðuþætti, þegar spurningarnar brenna. Það er tími smjörklípunnar. Skjótast svo í drottningarviðtöl þegar þeim sjálfum passar og skjóta ódýrum skotum á fólk sem hvorki fær tækifæri né er í stöðu til að verja sig á sama vettvangi.

Þannig hefur náðst ótrúlegt taumhald á umræðunni á Íslandi.

LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is
Ódýrt og nýtt Nicotinell á lægra verði
Stór og lítill Nicotinell-pakki á lægra verði en einn stór.*




4.850 kr.
Stórt Nicotinell fruit: 5.120 kr. og lítill Nicotinell Tropical fruit: 943 kr. á ~~6.063~~ kr.
*Gildir einnig með 4 mg Nicotinell Fruit 204 stk og litlum 2 mg Tropical Fruit á 6.419 kr.
Lægra verð í Lyfju
Gildir til 31. janúar
ÍSLENSKA SIA.IS LYF 57935 12/11

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:
Frábært tölvunám fyrir þig
Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 25 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Bókhald og skrifstofutækni
Hagnýtt bókhald
Hagnýtt bókhald II
Tölvu- og bókhaldsnám

Excel, Access, Word, PowerPoint
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Framhaldsnámskeið
Excel IIb: Fjármál og bókhald
Excel III: Fjölvar og forritun
Excel Pivottöflur
Excel gagnagrunnar og listar
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Framhaldsnámskeið
Word almenn ritvinnsla
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word
PowerPoint almenn glærugerð
PowerPoint II fyrir lengra komna

Forritun
Visual C# og ASP .NET forritun
ASP .NET forritun
Gagnagrunnsfræði
Silverlight
Diplómanám í forritun

Kerfisfræði
Windows 7 kerfisstjórn
Windows 2008 Server kerfisstjórnun

Verkefnastjórnun
Hagnýt verkefnastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun

Vefsíðugerð
DreamWeaver vefsíðugerð
Joomla vefsíðugerð
Joomla II fyrir lengra komna
Vefsíðugerð grunnur
Vefsíðugerð og margmiðlun
Flash I: Margmiðlun
Flash II: Action Script forritun

Grafík og ljósmyndun
Stafræn ljósmyndun
Stafræn ljósmyndun II
Stafræn myndbandagerð
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Photoshop Elements ljósmyndavinnsla
Photshop myndvinnsla

Almennt tölvunám og byrjendur
Fartölvunámskeið
Tölvunám fyrir 50+
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám plús
Tölvunám fyrir byrjendur
Internetið
Windows 7 fyrir byrjendur

Önnur námskeið
Outlook póstur, dagbók og verkefni
Outlook fyrir lengra komna
Útgáfa með Publisher
Fingrasetning - tölvuvélritun
Hugarkort - XMind

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is

PEARSON VUE AUTHORIZED CENTER SELECT
PROMETRIC TEST CENTRE
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is

# Svartfuglar og náttúruvernd

**Friðun svartfugla**




**Elvar Árni Lund**
sjávarútvegsfræðingur og formaður SKOTVÍS



**Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir**
atvinnu- og hlunnindaráðgjafi Bændasamtaka Íslands


Umræða um velferð svartfuglastofna hefur farið hátt undanfarið. Af skrifum umhverfisráðherra má ætla að frumvarp um breytingu laga sé aðeins fyrsta skrefið til að banna veiðar á svartfuglum alfarið. Undirrituð voru í starfshópi ráðherra sem fjallaði um fimm tegundir svartfugla. Vinnubrögð og umgjörð hópstarfsins eru tilefni þessara skrifa.

Skipaður var sex manna starfshópur af umhverfisráðherra. Flestum að óvörum bættist sjöundi aðilinn við á fyrsta fundinum, fulltrúi Fuglaverndar. Sami aðili var þátttakandi og stjórnaði rannsóknum á svartfuglum sem lagðar voru fram. Rannsóknir hans voru m.a. lagðar fram í starfshópnum og „meirihlutinn“ byggir tillögur sínar á þeim þrátt fyrir ýmislegt gagnrýnisvert, t.d. langan tími á milli vöktunar og fjölda vöktunarstaða.

Samsetning starfshópsins er athyglisverð en formaðurinn, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, hafði þá þegar lýst yfir áhyggjum vegna veiða á umræddum tegundum. Aðrir sem hópinn skipuðu voru frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, SKOTVÍS og Bændasamtökunum. Þá var skipaður í hópinn formaður annarrar nefndar á vegum ráðuneytisins, „Villidýranefndarinnar“, sem vinnur nú að tillögum að breytingum á lögum 64/1994 fyrir umhverfisráðuneytið. Sami fulltrúi hafði þegar lagt til friðun svartfugla á þeim vettvangi.

Fulltrúum hagsmunaaðila eins og lundaveiðimönnum og eggjatökumönnum var hins vegar ekki boðið að taka þátt, né heldur fulltrúa frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga (sem ber að hafa samráð við skv. lögum). Valdahlutfall innan hópsins hefði þá líka verið orðið óljóst og óþægilegt fyrir áform ráðherra.

Undirrituð gagnrýndu á fyrstu fundum að enginn fulltrúi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eða stofnun þess, s.s. Hafrannsóknastofnun eða óháður fiskifræðingur, en lengi vel voru rannsóknir á svartfuglum einmitt á könnu Hafró. Þar á bæ voru svartfuglar metnir í þúsundum tonna, sem gefur ágætis hugmynd um hve gríðarstórir stofnarnir eru.

Fundir voru haldnir ört til að byrja með enda átti upphaflega að keyra vinnuna í gegn á 6-7 vikum! Fljótlega kom í ljós að verulega vantaði upp á skipulagið og vinnubrögðin. Fundarboð og efni voru send út jafnvel seint um kvöld sem og fundarboð fyrir fund morguninn eftir. Ritun fundargerða var ábótavant og þrátt fyrir tilkynningu um að formaður ritaði fundargerðir á 1. fundi var þeim aldrei dreift. Tillögur og annað sem fram kom á fundum var ekki fært til bókar eða kynnt skriflega.

Á áætluðum lokafundi starfshópsins, höfðu fulltrúar NÍ og Fuglaverndar komið sér fyrir í skotgröfum og uppástóðu skyndilega og án fyrirvara að stofnarnir þyldu engar veiðar, þrátt fyrir að hafa rætt um og lagt mat á veiðiþol á fyrri fundum. Þar sem engin var fundargerðin er hins vegar ekki hægt að sýna fram á þetta, en minnispunktar okkar tala sínu máli.

Brátt kom í ljós að talsmenn alfriðunar myndu hvergi gefa eftir, þrátt fyrir tillögur SKOTVÍS og BÍ um að hefja og taka þátt í rannsóknum sem gætu varpað mynd á áhrif veiða á svartfuglastofnana. Sé litið yfir skýrsluna fá rannsóknir um aðra áhrifaþætti en veiði ekkert vægi og ekki er vísað í neinar rannsóknir um skaðsemi minka og kanína þrátt fyrir að annar fulltrúi ráðuneytisins sé sérfræðingur um minka.

> Þar á bæ voru svartfuglar metnir í þúsundum tonna, sem gefur ágætis hugmynd um hve gríðarstórir stofnarnir eru.

Undirrituð þurftu ítrekað að gera athugasemdir við skýrsluna þar sem hvergi átti að minnast á afrán refs, líkt og áhrif hans á fuglavarp væru óþekkt! Athugasemdir „meirihlutans“ rötuðu beint í skýrsluna en þess krafist að við hin gerðum grein fyrir okkar sjónarmiðum í séráliti. Fjöldinn allur af tölvupóstum sem gengu á milli aðila vinnuhópsins benda til þess að verkefnið hafi verið vanmetið hvað varðar tíma og forsendur til að geta tekið ákvarðanir. Fagleika var ábótavant og svo fór að nefndin klofnaði með úrsögn Bændasamtakanna og séráliti frá Umhverfisstofnun og SKOTVÍS. „Meirihlutinn“ var nefnilega búinn að móta sér skoðun þegar í upphafi og vinna starfshópsins því sýndarmennska.

Tillögurnar hafa lítið með náttúruvernd að gera og atlaga ráðherra að svartfuglaveiðum snýst um eitthvað annað en að bjarga risavöxnum fuglastofnum frá óljósri hættu sem flestir telja að stafi af ætisskorti. Aftur og aftur kom það upp í hópnum að ekki væri hægt að efla eftirlit og rannsóknir því það vantaði fjármagn. Því virðist það einfalt og ódýrt „að banna bara veiðar“ og slá fram klisjunni „að náttúran eigi að njóta vafans“.

Veiðibann án mælanlegra markmiða og viðmiða er hins vegar ekki viðunandi og alls óljóst hvenær aflétta á slíku banni. Vilji umhverfisráðherra raunverulega beita sér fyrir náttúruvernd, fuglavernd og bættri afkomu fuglastofna er henni í lófa lagið að fá Umhverfisstofnun það verkefni að skipuleggja veiðar á mink og ref af alvöru og aflétta friðun refs á Hornströndum. Á sl. 30 árum hefur refnum fjölgað mjög hratt, sennilega er stofninn tólf sinnum stærri nú en um 1980.

Þá hefur það sýnt sig að átak í fækkun minks skilar árangri en slíkt verk er hvorki unnið á einni nóttu né heldur tekur það enda á einu ári. Hvort tveggja eru langtímaverkefni, vel framkvæmanleg en þurfa eins og öll önnur verkefni nauðsynlegt fjármagn. Þetta eru dæmi um náttúruvernd í verki, hafið yfir allan vafa þar sem allir vita að rándýr éta önnur dýr og fugla.

**AF NETINU**

## Iðnaðarsalt í sárin okkar

Nú á síðustu dögum líka iðnaðarsílikonsins sem lekur um líkama allt að 10% ungra kvenna að öllu óbreyttu með árunum. Öllu sýnilegra vandamál, enda tengist aukinni líkamsþyngd kvennanna sem bera slíka púða, undir húð.
En ofan í öll sárin í þjóðfélaginu þessa dagana, svíður nú mest undan iðnaðarsaltinu. Við, sem í trúarlegum skilningi erum sjálf sögð vera salt jarðarinnar en sem margir eru nú hættir að trúa, enda saltið greinilega þrælmengað eins og svo margt annað í þessu margblessaða þjóðfélagi okkar. Í betur upplýstri almennri umræðu neytenda.

blog.eyjan.is/vilhjalmurari
**Vilhjálmur Ari Arason**

## Skipstjóri kærður einn

Mér finnst það ekki ónýta mál gegn skipstjóra, að mistókst að kæra fyrsta stýrimann og fyrsta vélstjóra. Mér finnst ekki heldur ónýta málið, að ekki náist í eiganda útgerðarinnar. Þess vegna finnst mér í lagi, að skipstjórinn Geir sé einn fyrir Landsdómi, en hvorki Árni né Björgvin. Verra er, að hafa þar ekki eigandann Davíð Oddsson. Honum var skotið undan réttlætinu. Þótt mér finnist kæran á Geir vera góð, hef ég enga von um, að Landsdómur þjóni réttlætinu. Uppistaða hans eru hæstaréttardómarar, meira eða minna valdir af Davíð og handbendum hans. Útkoman er óvís, en ferill málsins er samt brýnn.

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**




# „Háskólasjúkraþorpið í Vatnsmýrinni“

Nýr Landspítali

Guðni Ágústsson
fv. alþingismaður og ráðherra



Fyrst menn deila nú um Vaðlaheiðargöng sem alltof dýra framkvæmd eða Hólmsheiðartugthús, hvað með Landspítalaháskólasjúkrahús? Ein framkvæmdin kostar 2 milljarða, önnur 10 milljarða, sú þriðja 50 – til 100 milljarða?

Þarf ekki að skoða forsendur sem mér virðast vera brostnar hvað spítalann varðar? Hvernig á að fjármagna hann, hvað þá að reka hann? Loksins kom læknir fram á ritvöllinn, Guðjón Baldursson, og skrifaði um hið mikla Hátæknisjúkrahús eða Háskólasjúkrahús sem reisa á í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Áður hafði ég fylgst með rökfastri gagnrýni Guðrúnar Bryndísar Karlsdóttur sjúkraliða og verkfræðings sem er sérhæfð í skipulagi sjúkrahúsa.

Hátæknisjúkrahúsið er gríðarlega stórt verkefni og hefur verið á dagskrá í rúman áratug. Það var ekkert óeðlilegt að ætla að byggja nýjan Landspítala í hóflegri stærð. Byggingin var aldrei hugsuð í því risasamhengi sem hún virðist vera að færast í. Nú sýnist mér að verið sé að hanna einn stóran „LANDSPÍTALA ALLRA LANDSMANNA“. Mér sýnist að þessu fylgi hagræðing og hafin sé vegferð að afleggja flest eða öll hin sjúkrahúsin hringinn í kringum landið.

Að þessu stendur velferðarráðuneytið með tilstyrk Alþingis. Þetta gerist í skertum fjárframlögum til sjúkrahúsa um allt land með lokunum og átökum við heimamenn. Ég var efins um þessa framkvæmd á sínum tíma en nú hefur málið fengið á sig allt aðra og óraunhæfari mynd. Það liggur fyrir að alþjóðlegt viðmið um háskólasjúkrahús er ein milljón manna í það minnsta á upptökusvæðinu. Þetta leysti Alþingi árið 2007 með þeirri snilld að stofnunin héti bara lögum samkvæmt Háskólasjúkrahús. Einfalt trix og okkur Íslendingum líkt.

## Sjúkrahús varð að stóru þorpi

Nú er húsið orðið að stóru þorpi og passar engan veginn inn í þrengslin í Vatnsmýrinni. Líklega skipta kaffihús, vínbarir, götur og stræti meira máli í þorpinu heldur en þjónusta við þá veiku. Þegar skipulagið ber ekki alla þessa steinsteypu eiga læknar, hjúkrunarfólk og prófessorar, að ógleymdum sjúklingum og aðstandendum, að koma á reiðhjólum og strætó úr öllum hverfum borgarinnar. Við skulum fara yfir helstu rök Guðjóns gegn þorpinu. „Ríkiskassinn er tómur. Það eru ekki peningar til þess að reka heilbrigðisþjónustuna. Hagræðing er ekki lengur valkostur í stöðunni. Þjónustuskerðing við sjúklinga er orðin kaldur veruleiki og mun aukast við óbreyttar aðstæður. Á sama tíma sitja spekingar í heilbrigðisvísindum í fílabeinsturni og skeggræða um vísindasamfélagið í Vatnsmýrinni. Þetta væri í sjálfu sér ekkert tiltökumál ef peningarnir væru til og almenn sátt ríkti um verkefnið. Hvorugt er fyrir hendi.“

Í síðari grein sinni segir hann ennfremur: „þetta fræðaþorp með Landspítalann og Háskólann og aðrar fræðastofnanir er að mínu viti ekkert annað en sýndarveruleiki, stórt Legoþorp sem stórir strákar í draumaveröld eru að byggja.“

Þetta eru stór orð og athyglisverð fullyrðing hjá lækninum.

Hagsýn kona fjármálaráðherra Nú hefur það gerst að kona varð fjármálaráðherra í fyrsta sinn í sögunni. Oddný Harðardóttir úr Garðinum. Sveitarfélagið Garður átti mest af peningum allra sveitarfélaga eftir hrun. Oddný sveitarstjóri sýndi ráðdeild og eyddi ekki þessum mikla fjársjóði í vitleysu. Konur um víða veröld eru ekki þeir glæframenn sem karlar eru, það greindum við hér og á Wall Street.

Þess vegna verður að ætla að fjármálaráðherrann nýi fari sérstaklega yfir þetta stóra mál og kynni sér hvort og hvernig við ætlum að byggja og reka sjúkraþorpið. Oddný Harðardóttir á nú von á stóru boði um að koma í heimsókn á Landspítalann þar sem hún mætir með tvo til þrjá embættismenn sem þegar hafa fylgt nokkrum fjármálaráðherrum í trúboðið.

Hún mætir öflugri hersveit miðaldra karla, lækna og verkfræðinga sem mun reyna að sannfæra hana um þetta stærsta og mikilvægasta verkefni Íslendinga, að þeirra mati. Glærusjó og útspekúleruð plön í anda útrásarvíkinganna verða borin á borð þar sem sýnt verður fram á að framkvæmdin borgi sig upp sjálf. Þá mun hún vonandi átta sig á því að stóru strákarnir eru að gæla við „Legoþorp“ sem er hannað fyrir miklu stærra samfélag en landið okkar.

## Allir skulu fæðast og deyja í Vatnsmýrinni

Margt bendir til að þegar séu þeir hlutir komnir í framkvæmd að flest eða öll sjúkrahús á landsbyggðinni skuli aflögð og öll slík þjónusta fari til Reykjavíkur. Þótt misvitrir stjórnmálamenn berjist gegn flugvelli í Reykjavík, sem er öllum landsmönnum mikilvægur þar og fluginu líka, Þá skal vera þyrlupallur í sjúkraþorpinu til að flytja þá sjúku alls staðar að frá útnesjum og innstu dölum. Allir Íslendingar framtíðarinnar skulu fæðast á Landspítalaháskólasjúkrahúsi í Reykjavík og allir skulu koma suður til að deyja þar.

Nú hefur lítið verkefni, Vaðlaheiðargöng, verið sett á gjörgæslu og teljast þau alltof dýr. En hvað með háskólasjúkaþorpið í Vatnsmýrinni sem er risaeðla í samanburði við músina Vaðlaheiðargöng. Forsendurnar eru svo úreltar, þar sem svo margt hefur breyst í læknavísindum á síðustu árum. Það er auðvelt að deila um lágar upphæðir í framkvæmdum en þær stóru gera menn kjaftstopp og klumsa. Hvernig væri að fara með framkvæmdina í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og flugvöllinn, spyrja þolandann og eigandann, þjóðina, álits?

## Hvað með Akureyri og landbyggðarsjúkrahúsin?

Guðjón sagði einnig þetta: „Til viðbótar má geta þess að fyrirtaks aðstaða er fyrir hendi á jaðarsjúkrahúsunum fjórum, Sólvangi í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Selfossi og á Akranesi. Öll þessi sjúkrahús hafa legurými og eru tækjum búin til þess að stunda svokallaðar valaðgerðir – í stuttu máli aðgerðir aðrar en bráðaaðgerðir svo sem minni bæklunaraðgerðir, kvensjúkdómaaðgerðir, háls-, nef- og eyrnaaðgerðir, lýtaaðgerðir og speglanir.“

Hárrétt athugað hjá Guðjóni, staðan er nefnilega sú að við eigum mikið af vannýttu húsnæði sem getur létt á Landspítalanum, sparað peninga og forðað okkur frá Vatnsmýrarslysinu. En um leið höldum við þjónustunni heima í héruðunum hjá fólkinu. Hvað með Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, verður það flutt í Vatnsmýrina með sameiningu við LSH eða stendur það verkefnalítið í höfuðstað Norðurlands?

Ég skora á Alþingi og okkar nýja fjármálaráðherra, Oddnýju Harðardóttur, og velferðarráðherrann Guðbjart Hannesson að taka nú af skarið ekki síður en með Vaðlaheiðargöngin og fara yfir öll þessi miklu áform upp á nýtt.

## „Detti af mér allar dauðar lýs“

Sem ég var að skrifa þessa hugleiðingu kemur frétt um að Landsbankinn sé kominn með „Landspítalavírusinn“, segist ætla að byggja stórhýsi, allt undir eitt þak og það í miðborginni, kannski Vatnsmýrinni. Landsbankinn er ríkisbanki með mikla erfiðleika og verki í maganum, spurning hvort hann lifir sjúkdóminn af. Er „Lególand“ líka hjá stórum strákum í Landsbankanum?

valkostir í Sjónvarpi Símans

Nettenging hjá Símanum gefur þér möguleika á Sjónvarpi Símans og fjölbreyttu úrvali sjónvarps- og afþreyingarefnis.



Einn myndlykill fyrir allar áskriftir

Þú getur valið þér áskrift að SkjáEinum, Stöð 2 eða Stöð 2 Sport og fjölbreytta áskriftarpakka með yfir 60 erlendum stöðvum.



VOD

Frelsi til að horfa þegar þér hentar

Með smelli á VOD takkann opnarðu SkjáBíó með yfir 4000 titlum, bíómyndum, þáttum, barnamyndum og efni á 0 kr. Í SkjáFrelsi, Stöð 2 Frelsi og RÚV Frelsi sérðu nýjustu þættina og fréttirnar þegar þér hentar.



Bestu lögin skapa stemninguna

Ef þú smellir á MENU takkann og velur útvarp opnast Bestu lögin, sérsniðnar tónlistarrásir fyrir öll möguleg tilefni. Þar eru líka allar íslensku útvarpsstöðvarnar og tugir erlendra.

Síminn

# tímamót

timamot@frettabladid.is



64 **DAVÍÐ ODDSON** ritstjóri Morgunblaðsins er 64 ára.

*„Ég hef verið þeirrar skoðunar, frá því að ég var ungur maður, að því minni afskipti sem stjórnmálamenn, embættismenn eða eftirlitsmenn hafa af viðskiptalífinu því betra."*

## Merkisatburðir

1917 Bandaríkin borga Dönum 25 milljónir dala fyrir bandarísku Jómfrúreyjarnar og verða þær að yfirráðasvæði Bandaríkjamanna.

1929 Teiknimyndasjóarinn Stjáni Blái eftir Elzie Crisler Segar kemur út í dagblaði í fyrsta sinn.

1945 Nasistar byrja að tæma Auschwitz-útrýmingarbúðirnar.

1946 Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna heldur fyrsta fund sinn.

1966 Simon and Garfunkel senda frá sér aðra breiðskífu sína, Sounds of Silence, hjá Colombia Records-útgáfufyrirtækinu.

1975 Sjö manns farast er þyrla hrapar á Kjalarnesi.

1975 Bob Dylan gefur út breiðskífuna Blood on the Tracks.

1991 Heklugos, hið fjórða á 20. öld, hefst og stendur í rúmar 7 vikur.

1991 Haraldur V. verður konungur Noregs eftir andlát föður síns, Ólafs V.

1998 Paula Jones ásakar Bill Clinton, forseta Bandaríkjanna, um kynferðislega áreitni.

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JANÚAR 1912

## *Scott kemst á suðurpólinn*



Robert Falcon Scott (1868-1912) var foringi í breska konunglega sjóhernum og landkönnuður með mikinn áhuga á Suðurskautslandinu.

Scott var staðráðinn í að verða fyrstur á suðurpólinn og lagði hópur hans upp frá strönd Suðurskautslandsins í nóvember 1911. Hann náði loks á leiðarenda á þessum degi árið 1912 og varð þar með mánuði á eftir keppinauti sínum, norska landkönnuðinum Roald Amundsen (1872-1928). Sá hafði skipulagt sinn leiðangur betur í alla staði og til marks um það notaði hann hundasleða sem Scott hafði lítið vit á. Lélegur undirbúningur ásamt aftakaveðri varð til þess að Scott og félagar létust úr kulda á leiðinni til baka.

*Heimild: wikipedia.org*

**EIN STÖK HÚS Á MOKKA:** SÝNING SEM BYGGIR Á VESTFIRSKUM EYÐIBÝLUM

# Eins og fólk hafi skroppið út

Eyðibýli á Vestfjarðakjálkanum eru viðfangsefni dýrfirsku listamannanna Jóhannesar Franks Jóhannessonar og Marsibil G. Kristjánsdóttur á sýningunni Ein stök hús sem er á Mokka við Skólavörðustíg. Jóhannes sýnir ljósmyndir og Marsibil teikningar frá sama sjónarhorni.

„Ég á margar myndir af eyðibýlum." segir Jóhannes Frank. „Marsibil skoðaði þær vestfirsku og fékk leyfi til að teikna þau hughrif sem hún varð fyrir. Á hennar Djúpuvíkurmynd er himinninn til dæmis hreistraður eins og síld og frá Tjaldaneshúsinu liggja rætur ofan í jörðina sem minnir á að sagan verður eftir þó að húsið hverfi."

Jóhannes kveðst skipta yfirgefnum bæjum í eyðibýli og rústir eftir því hvort þakið hangi uppi eða ekki. Það sem heillar hann við þá er einmanaleikinn og hversu mannanna verk eru forgengileg. „Eftir að íbúarnir fara er náttúran tiltölulega snögg að hirða allt til sín," segir hann.

Jóhannes segir marga sveitabæi á Vestfjörðum hafa farið í eyði milli 1950 og 80. „Þá þjappaði fólk sér saman í þorpunum og nú er fólk að yfirgefa þau og þjappa sér saman í borginni þannig að þorpin eru að verða hálfgerð eyðibýli á veturna."

Ekki kveðst Jóhannes hafa mikið gruflað í því lífi sem lifað var á sveitabæjunum sem hann hefur myndað. „Stundum langar mig að forvitnast um söguna en þegar maður veit hana ekki fer ímyndunaraflið af stað og það getur líka verið skemmtilegt," segir hann. Sem dæmi sýnir hann mynd úr húsinu Stapadal í Arnarfirði. Þar sést í köflóttan vaxdúk á eldhúsborði. „Mér verður hugsað til konunnar sem breiddi dúkinn á borðið og vissi ekki að það yrði í síðasta sinn. Svo hangir þarna líka flottur jakki sem er merktur verslun í Reykjavík og ártali. Auðvelt er að ímynda sér stuð sem hann gæti sagt frá."

Skyldi Jóhannes ekki rekast á sitthvað fémætt í þessum eyðibýlaheimsóknum sínum? „Það er auðvitað hægt að finna ýmislegt. Stundum er ég spurður um hverju ég hafi ekki tekið hluti sem sjást á myndunum en ég fer ekki á svona staði til að hirða eitthvað, heldur til að upplifa stemningu. Sums staðar er eins og fólk hafi bara skroppið út. Þar eru uppbúin rúm og seventís skór sem einhver hefur tekið af sér eftir ballið. Margt fólk hefur gengið um þessi hús síðan en ekki snert við neinu heldur borið virðingu fyrir hlutunum og lokað vel á eftir sér. Það finnst mér fallegt."

gun@frettabladid.is



**JÓHANNES FRANK Á MOKKA** „Ég vil sjá eyðibýlin fyrir mér í svarthvítu. Finnst þau dramatískari þannig," segir ljósmyndarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EIN AF MYNDUM MARSIBIL Á SÝNINGUNNI.** Marsibil fékk leyfi til að teikna hughrifin sem hún varð fyrir þegar hún skoðaði myndirnar.



**STAPADALUR** „Þetta er stórt hús á tveimur hæðum og hefur verið virðulegt á sinni tíð," segir Jóhannes Frank.




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Unnur Elísdóttir**

Lækjasmára 58, Kópavogi

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 14. janúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Ásta Kristjánsdóttir** **Ísleifur Tómasson**
**Elín Hrefna Kristjánsdóttir** **Friðþór Kr. Eydal**
**Auður Kristjánsdóttir** **Snorri Pálmason**
**Bára Kristjánsdóttir** **Bergþór Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigurðardóttir**

áður til heimilis að Furugerði 1,

lést á Hrafnistu Laugarási þann 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Erla Ólafsdóttir** **Örvar Ingólfsson**
**Örn Ólafsson** **Signý Einarsdóttir**
**Svala Ólafsdóttir** **Sigurður Lárus Hall**
**Hulda Ólafsdóttir** **Björn Pálmar Sveinsson**
**Ragnar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar*

**Þóra Kristín Kristjánsdóttir**

frá Ísafirði, Sogavegi 158, Reykjavík,

sem andaðist 6. janúar sl., verður jarðsungin frá Bústaðakirkju í dag, þriðjudag, 17. janúar kl. 13.00.

**Ólína Óladóttir** **Terrence Lee Ermert**
**Bárður Steingrímsson**
**Kristján Steingrímsson** **Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Laufey Steingrímsdóttir** **Hannes Einarsson**
**Erlingur Rúnar Steingrímsson** **Hafdís Björnsdóttir**
**Steinþór Steingrímsson** **Þorbjörg Erla Jensdóttir**
**Kristín Salóme Steingrímsdóttir** **Jóhann Pétur Jónsson**
**Þorgerður Halldórsdóttir**
**Gunnar Steingrímsson** **Margét Björk Magnúsdóttir**
**Lilja Steingrímsdóttir** **Anna Cecilia**
**Svandís Bára Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Þorkelsdóttir (Didda)**

áður til heimilis að Lindargötu 33, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að kvöldi miðvikudagsins 11. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Brynja R. Guðmundsdóttir** **Hafsteinn Skúlason**
**Elín Guðmundsdóttir** **Magnús Jóhannsson**
**Jens Páll Hafsteinsson** **Hrefna Guðmundsdóttir**
**Áslaug S. Hafsteinsdóttir** **Sindri Bæring Halldórsson**
**Hallgrímur S. Hafsteinsson** **Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Guðmundur Hafsteinsson** **Edda Hafsteinsdóttir**
**Rannveig Magnúsdóttir**
**Helga K. Magnúsdóttir**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Odds C.S. Thorarensen**

fv. apótekara.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild A-6 á Landspítala Fossvogi fyrir góða umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Unnur Long Thorarensen**
**Ragnheiður Katrín Thorarensen**
**Elín Thorarensen** **Úlfar Örn Friðriksson**
**Unnur Alma Thorarensen** **Sindri Sveinbjörnsson**
**Stefán Thorarensen** **Ástríður Thorarensen**
**Baldvin Hafsteinn Thorarensen** **Ásta Michaelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**Bókin Máttur athyglinnar** eftir Guðna Gunnarsson er komin út hjá bókaforlaginu Sölku. Þar sýnir Guðni hvernig gera má breytingar á lífi sínu á einfaldan hátt með sjö vikna verkefnavinnu. Bókin er sjálfstætt framhald af bókinni Máttur viljans sem kom út í fyrra.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




Eirberg
Rafknúnir lyftihægindastólar
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is


**Þeir Steinn Ólason og Sigursteinn Brynjólfsson eru frændur en á knattspyrnusviðinu eru þeir fjendur.**

# Liðin völdu þá




;FRAMHALD | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frændurnir Steinn Ólason og Sigursteinn Brynjólfsson gegna formennsku hvor í sínum aðdáendaklúbbnum í knattspyrnu. Steinn er formaður Manchester United-klúbbsins og Sigursteinn formaður Liverpool-klúbbsins, en liðin eru eins og alkunna er erkifjendur. Frændurnir, sem eru nánar tiltekið systrasynir, voru spurðir hvað varð til þess að þeir fetuðu jafn ólíka braut. „Hann fór snemma villur vega,“ svarar Steinn. „Það er misjafn sauður í mörgu fé og það hefur eitthvað farið úrskeiðis í uppeldinu hjá frænku minni,“ segir Sigursteinn.

Steinn hefur setið í stjórn Manchester United-klúbbsins frá árinu 1998 en tók við formennsku árið 2006. Hann hefur haldið með Manchester frá níu ára aldri, eða frá árinu 1967. „Ég held því fram að liðið hafi valið mig frekar en öfugt. Þetta voru örlög.“ Sigursteinn hefur verið viðloðandi stjórn Liverpool klúbbsins síðan 1998 og formaður í að verða átta ár. Hann hefur haldið með liðinu frá fjögurra ára aldri. „Ég hugsa að þetta sé meðfætt. Ég byrjaði að fylgjast með liðinu á þeim tíma sem vikugamlir leikir voru sýndir í svart-hvítu einu sinni í viku. Mamma getur ekki einu sinni skýrt hvernig þetta kom til. Ég segi því eins og Steinn: „Liverpool valdi mig en ekki öfugt.“



Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
NÝTT Lady's style
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Frístundakortið
ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.
Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is




Stuðningsstöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji vilji.is ...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.





**GSA-samtökin á Íslandi** fagna tólf ára afmæli með kynningarfundi í Von, húsi S.Á.Á., Efstaleiti 7, 21. janúar klukkan 14. GSA er félagsskapur fólks sem hefur fengið lausn á vandamálum tengdum mat. Nánar á heimasíðu samtakanna, slóðin er www.gsa.is.




## Tengsl krabbameins og unninnar kjötvöru

RANNSAKENDUR Í SVÍÞJÓÐ HAFA FUNDIÐ VÍSBENDINGAR UM AÐ TENGSL SÉU MILLI ÞESS AÐ BORÐA UNNIÐ KJÖT OG KRABBAMEINS Í BRISI.

Rannsakendur við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð hafa fundið tengsl milli neyslu á unninni kjötvöru og auknum líkum á krabbameini í brisi. Hingað til hefur aðeins verið sýnt fram á að neysla rauðs kjöts og unninnar kjötvöru sé tengd auknum líkum á krabbameini í þörmum en ekki verið sýnt fram á tengingu við önnur krabbamein.



Prófessor Susanne Larsson fór fyrir rannsókninni sem birt var í tímaritinu British Journal of Cancer. Greindar voru niðurstöður ellefu tilrauna sem tóku til 6.643 sjúklinga með krabbamein í brisi.

Niðurstöðurnar sýndu að neysla unninnar kjötvöru jók líkurnar á krabbameini í brisi. Líkurnar jukust um 19 prósent fyrir hver 50 grömm sem bætt var við daglega neyslu. Ef dagleg neysla unnins kjöts var aukin um 100 grömm jók það líkurnar á krabbameini um 38%.

Enn er þó umdeilt hvort það sé í raun kjötið sem hafi þessi áhrif eða hvort almenn offita eigi þar stærri þátt. Einnig hefur verið bent á að reykingar séu mun stærri áhættuþáttur.



„Boltanum fylgir tos á milli stuðningsmanna ólíkra liða. Það er hluti af leiknum," segja frændurnir Sigursteinn og Steinn.

Framhald af forsíðu

Eins og gefur að skilja ríkir töluverður rígur á milli frændanna og ber knattspyrnu oftar en ekki á góma í fjölskylduboðum. „Það hefur þó ekki komið til handalögmála. Við höfum hins vegar mjög ólíkar skoðanir á fótbolta eins og gefur að skilja. Menn sjá þetta allt með sínum gleraugum og allir vita að mín eru miklu betur stillt en Steins," segir Sigursteinn. Hann segir þá frændur aðallega hafa gaman af þessu. „Fótbolti er skemmtun og honum fylgir smávegis tos á milli stuðningsmanna ólíkra liða. Það getur farið úr böndunum en þetta er allt á léttum nótum hjá okkur." „Já, við reynum nú að vera málefnalegir og halda fjölskyldufriðinn. Undanfarin ár hefur mínu liði hins vegar gengið betur og ég er vissulega ánægður með það," segir Steinn hróðugur.

En spilið þið knattspyrnu sjálfir? „Það er nú ekki hægt segja að knattspyrnugetan sé á háu plani. Mér gengur betur að horfa en spila," segir Sigursteinn. Steinn er á sama báti. Hann segir heldur ekkert samasemmerki á milli þess að vera knattspyrnuáhangandi og að huga vel að eigin heilsu. „Menn spennast upp úr öllu valdi og streitan segir til sín fyrir framan skjáinn. Það eru dæmi um það að heilu helgarnar séu ónýtar ef liðið sem haldið er með tapar."

Næsti leikur liðanna verður í ensku bikarkeppninni laugardaginn 28. janúar. Leikurinn fer fram á Anfield, heimavelli Liverpool, og ljóst að þeim frændum mun sýnast sitt, hver svo sem úrslitin verða.

*vera@frettabladid.is*









# Ættleidd börn glíma frekar við vanlíðan

**Síðustu þrjá áratugi hefur á annan tug barna verið ættleiddur til landsins á hverju ári. Lítið hefur verið vitað hvernig þessum börnum farnast tilfinningalega eftir komuna. Ný rannsókn leiðir sannleikann í ljós.**

Eftir því sem börn eru eldri þegar þau eru ættleidd frá útlöndum því meiri líkur eru á að þau glími síðar við tilfinninga- og hegðunarvanda en önnur börn. Þá getur lengd stofnanavistunar og tilfinningaleg vanræksla sett strik í reikninginn. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar rannsóknar sem Barna- og unglingageðdeild Landspítalans vann og er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis.

„Hún sýnir hversu brýnt er að börnin komist sem fyrst af stofnun og í hendur kjörforeldra sinna, svo þau myndi sem skjótast eðlileg tilfinningatengsl í stöðugu umhverfi,“ segir Dagbjörg B. Sigurðardóttir, barna- og unglingageðlæknir, sem stýrði rannsókninni ásamt Málfríði Lorange taugasálfræðingi.

Í rannsókninni var upplýsingum safnað frá foreldrum 276 ættleiddra barna á aldrinum eins til 18 ára þar sem kannað var hvaða áhrif fyrrnefndir áhættuþættir, það er aldur, lengri vist á stofnunum og vanræksla, geta haft á andlega líðan og hegðun barnanna.

Rannsóknin sýndi að börn ættleidd fyrir tólf mánaða aldur voru á heildina litið innan eðlilegra marka á öllum matskvörðum. Hin sem eru ættleidd eftir 18 mánaða aldur, hafa dvalið á stofnun á fyrstu árum ævinnar og orðið fyrir alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu voru líklegri til að stríða við hegðunar- og tilfinningavandamál síðar. Þau skoruðu hærra á kvörðum sem skimuðu eftir athyglisbresti með ofvirkni. Ekki kom fram marktækur munur á einhverfurófi þótt sést hafi tilhneiging í þá átt. Er þetta í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna.



Rannsóknin leiðir meðal annars í ljós hversu brýnt er að börn komist sem fyrst af stofnunum og til kjörforeldra sinna. NORDICPHOTOS/GETTY

**Nokkrar tölulegar staðreyndir:**

- Flest börnin, eða 49,6%, komu frá Indlandi og 40,7% frá Kína.
- Yngsta barnið var aðeins mánaðargamalt en það elsta 10 ára.
- Alls var 21% barna undir 6 mánaða, 38% voru 6-12 mánaða, 31% var 12-18 mánaða, 5% voru 18-24 mánaða og 5% voru eldri en 24 mánaða. Þannig að flest voru undir 18 mánaða aldri við komu.
- Meðalaldur barnanna við ættleiðingu var 12,4 (+2,6) mánuðir.
- Meðalaldur barnanna þegar rannsóknin var gerð var 6,8 ár.
- Langflest barnanna höfðu dvalið á stofnun fyrir ættleiðingu, eða 94,2%, en 5,8% barnanna ekki.
- Alls töldu 52,9% foreldra að börnin hefðu orðið fyrir lítilli/engri andlegri vanrækslu. Foreldrar 31,9% barna töldu þau hafa orðið fyrir vægri vanrækslu en hjá 15,1% töldu foreldrar að þau hefðu orðið fyrir alvarlegri vanrækslu.

Dagbjörg tekur þó fram að flest börnin séu innan eðlilegra marka og þeim farnist yfirleitt vel. Hins vegar sé brýnt að bregðast við frávikum með aukinni upplýsingagjöf en áður hefur verið fyrir hendi.

„Hana þarf svo kjörforeldrar séu undir frávik búin og viti hvert megi sækja viðeigandi þjónustu ef með þarf og tækla vandamál sem upp kunna að koma,“ segir Dagbjört.

*roald@frettabladid.is*

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins stendur fyrir námskeiði um uppeldi barna með ADHD. Námskeiðið hefst 1. mars. Námskeiðið er sérhannað til að hjálpa foreldrum að takast á við vandamál sem algeng eru hjá börnum með ADHD.

heilsugaesla.is

Trimformstofan Geislinn
Hólmasel 2
• Trimformsmeðferð, grenning og vaxtamótun - frábært fyrir erfiðu svæðin eins og undirhöku, maga, læri og mjaðmir og fl.
10 tíma kort verð 12.000 kr.- 1 frír prufutími
• Svæðanudd 1 tími 5.000 kr.-
• Heilsu sauna infrarauðarperur - gott fyrir gigtarsjúklinga 1 tími 1.000 kr.-
Ég býð upp á heimilislegt og kærleiksríkt umhverfi - nánari upplýsingar í síma 697 3315 Helga.




Kynningarfundur vegna raunfærnimats í:
húsasmíði - pípulögnum - vélvirkjun
stálsmíði - rennismíði - blikksmíði
verður haldinn miðvikudaginn 18. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð

**Raunfærnimat** miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA fræðslusetur** í síma **590 6400** og fá frekari upplýsingar..

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is/radgjof. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Enn meiri afsláttur!
40% afsláttur af ÖLLUM fatnaði og skóm!
Þýskur og danskur gæðafatnaður í úrvali Stærðir 36-52
Þýskir og ítalskir leðurskór Stærðir 36-42,5
Vertu vinur okkar á facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
562 8211

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Trésmiður, innréttingar, parket og öll almenn smíðavinna. Mikil reynsla, vönduð vinna. S:862 8141.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Er hálka?**

**Við eyðum hálku**
**Íslenska Gámafélagið býður upppá hálkueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana.**
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**
**S: 577 5757 eða**
**gamur@gamur.is**



**ÚTSALA ÚTSALA**
40% afsláttur af öllum vörum úr haust-og vetrarlínu Green-house. Opið í dag þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag frá 12-17. Einnig fallegar úti/inni luktir á sama stað. Kerti og fleira. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík S.777 2281.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

Hókus Pókus
hokuspokus.is



**Öskudagsbúningar**
Alvöru útsala með 20-50% afslætti af öllum öskudagsbúningum og 10% af öðru í búðinni. Notið tækifærið. Skoðið úrvalið á hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ískápar, þvottavéla, þurkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120



ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 31. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ýmislegt

Viltu losna við hrukkur, bólur. Hvernig væri að prófa Douing Cleaning undratækið. S. 863 2261

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Umbreyttu erfiðu barni - Hjartanærandi aðferð. Getur gert kraftaverk. Námskeið hefst 19.1. Uppl í s 6152161

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**DVERG SCHNAUZER**
Dverg schnauzer til sölu hreinræktaðir með ættbók frá HRFÍ. Bæði svartir og pipar/salt. Tilb. til afh. Afhendast líf og sjúkdómatryggðir í ár. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 776-5441.

2 herb. 40 fm kjallaraíbúð í vesturbæ Kópav, ath. reglusemi og reykleysi skilyrði. uppl. 892-6537

Fín studíóíbúð í 101 Rvk. til leigu. 65þús./mán. Sér WC m. sturtu, eldh. krókur. Þ.vél í íb. Frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Skotfélags Kópavogs verður haldinn 22. febrúar 2012 klukkan 20:00 í aðstöðu félagsins, íþróttahúsi HK, Digranesi. Stjórn SFK.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Málið, veitingaþjónusta Háskólans í Reykjavík,**

**óskar eftir að ráða einstaklinga í fullt starf og hlutastarf. Umsækjandi þarf að vera röskur, stundvís, heiðarlegur, metnaðarfullur og jákvæður. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsókn sendist á thorunn.malid@ru.is fyrir 24.janúar nk.**
**Öllum umsóknum verður svarað og farið með þér sem trúnaðarmál.**

Aukavinna eða fullt starf. Frjáls vinnutími. LR Health & Beauty System Stærsta MLM fyrirtæki í evrópu S. 568 8977 eða 773-6099

REGNBOGINN
- leikskóli -

**Laus staða**

**Leitum að leikskólakennara eða þroskuðum einstaklingi sem er ljúfur í lund, ábyrgur og samstarfsfús til starfa sem fyrst. Áherslur skólastarfs eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Rík áhersla er á virðingu og gleði í öllum samskiptum og eru það lykilhugtök í daglegu starfi.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í s. 899-2056 eða 557-7071.**
**Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!




vísir

## Fundir / Mannfagnaður

MATVÍS

**MATVÍS auglýsir almennan félagsfund**
miðvikudaginn 18. janúar kl. 15:30 á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

**Málefni fundarins er:**

1. Forsendur kjarasamninga 2012
2. Tilraunarverkefni í ferðaþjónustu
3. Önnur mál.

## Styrkir

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir úr Æskulýðssjóði

Mennta og menningarmálamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr. 60/2008.

Við úthlutun úr Æskulýðssjóði fyrir árið 2012 verður lögð áhersla á umsóknir frá æskulýðsfélögum og æskulýðssamtökum um verkefni er vinna gegn einelti, fræðslu um mannréttindi, þjálfun þeirra er vinna með börnum og ungmennum í félagsstarfi og á samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:**

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa né fasta viðburði í félagsstarfi svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði né ferðir hópa.

Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar Æskulýðssjóðs.

Umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er fjórum sinnum á ári, **1. febrúar, 1. apríl, 1. september og 1. nóvember** og er umsóknarfrestur auglýstur hverju sinni.

Nánari upplýsingar má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is

**Næsti umsóknarfrestur er 1. febrúar 2012.**

## Styrkir

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing frá fornleifasjóði

Fornleifasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skv. 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Umsóknarfrestur er til **15. febrúar 2012.** Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur sjóðsins nr. 73/2004 er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, www.mrn.is.

Stjórn fornleifasjóðs

## Atvinna

LÚKA

Lúka ehf. umboðsaðili Paul Mitchell, Schwarzkopf Professional, Indola, Via, Brazilian Blowout og Euro.So.Cap á Íslandi óskar eftir sölumanni í 100% starf.
Einungis aðili með ríkan metnað, frumkvæði sem getur unnið sjálfstætt kemur til greina.

**Starfið**
Umsjón með Schwarzkopf Professional vörulínunni
Umsjón með markaðsmálum
Gerð söluáætlana
Ábyrgð á innkaupum frá birgja
Samskipti við erlenda birgja
Sala og kennsla til viðskiptavina
Námskeiðahald
Ferðalög erlendis

**Hæfniskröfur**
Menntun í háriðn
Reynsla af sölustörfum
Góð almenn tölvuþekking
Þekking á Navison bókhaldskerfi kostur

Nánari upplýsingar veitir Elín Friðjónsdóttir hjá Vinna.is - elin@vinna.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á www.vinna.is Númer starfs: 565933



vinna.is

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. janúar 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. janúar 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. janúar 2012

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


# STERK
ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup október–desember 2011.

FRÉTTABLAÐIÐ    vísir ATVINNA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

VIÐAR INGI PÉTURSSON
vip@365.is 512 5426

HRANNAR HELGASON
hrannar@365.is 512 5441

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



*Okkar ástkæri,*

**Magnús Vilhjálmsson**

skipasmiður,
Grandavegi 47, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 16. janúar.

**Guðrún Guðlaugsdóttir**
**Guðbjörg Magnúsdóttir**
**Árni Larsson**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Guðmundur Gíslason,**

sem lést 7. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda**
**Erna Adolphsdóttir**



*Elskulegur bróðir okkar og mágur,*

**Ingólfur Árnason**

lést að heimili sínu, hjúkrunarheimilinu Mörk, föstudaginn 13. janúar. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 30. janúar kl. 15.00.

**Ingibjörg Árnadóttir**
**Þuríður Árnadóttir** **Júlíus J. Daníelsson**
**Sigurður Jónsson** **Vibeke Jónsson**
**Arnheiður Árnadóttir** **Theódór Óskarsson**
**Halldóra Árnadóttir** **Benedikt Sveinn Kristjánsson**



*Okkar ástkæra,*

**Soffía Erla Óskarsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 13. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Árni Heiðar**
**Guðrún Kristveig Gunnarsdóttir**



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Soffíu Guðmundsdóttur**

tónlistarkennara.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og heimilisfólki á Droplaugarstöðum fyrir samfylgdina síðustu ár.

**Jón Hafsteinn Jónsson**
**Guðmundur Karl Jónsson**
**Olga Björg Jónsdóttir**
**Nanna Ingibjörg Jónsdóttir**
**Jón Ingvar Jónsson** **Brigitte M. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Hugmyndir um betri borg

Reykjavíkurborg úthlutar 300 milljónum króna á þessu ári til svokallaðra hverfapotta. Þeim fjármunum verður varið til nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Óskað er eftir hugmyndum frá íbúum um slík verkefni inn á samráðsvefinn www.betrireykjavik.is.

Borgarbúar geta skráð sig á vefinn með einföldum hætti, farið inn á undirvefinn Betri hverfi og sett fram hugmyndir sínar að verkefnum. Einnig er hægt að styðja hugmyndir annarra eða hafna þeim og taka þátt í umræðum með því að skrifa rök með og á móti hugmyndum. Þær hugmyndir sem fá mestan stuðning íbúa verða kostnaðarmetnar af fagsviðum borgarinnar og kosið á milli þeirra í rafrænum kosningum sem fram fara 8.-13. mars næstkomandi.

Hugmyndir að verkefnum þurfa að miða að því að bæta nærumhverfi eða möguleika til útivistar og samveru, hafa áhrif á aðstöðu eða tækifæri til leikja og afþreyingar, hvetja til aukinna hjólreiða, bæta aðstöðu og möguleika gangandi vegfarenda eða bæta aðstöðu fyrir farþega strætisvagnanna.

Fjölmargar hugmyndir hafa þegar borist inn á vefinn Betri hverfi en hann verður opinn til 23. janúar.



**REYKJAVÍK** Á vefsíðunni www.betriborg.is getur fólk komið með góðar hugmyndir að nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í borginni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Áramótaheitin

Helga Marín Bergsteinsdóttir, heilsufræðingur og markþjálfi sem búsett er í Dubai, ætlar að halda ókeypis fyrirlestur í World Class 19. janúar kl 18.30. Fyrirlesturinn ber nafnið „Áramótaheitin og hvernig á að standa við þau“ og mun hún gefa einföld en góð ráð hvernig hægt sé að breyta lífsstílnum og sjá árangur til frambúðar án þess að mikið sé fyrir því haft.

Helga ætlar líka að bjóða íslenskum fyrirtækjum upp á einn ókeypis fyrirlestur og er markmiðið að auka áhuga fyrirtækjanna á heilsu og vellíðan starfsfólks þeirra. Hún vill meina að með því að bæta heilsu og jákvæðni á vinnustað séu fyrirtæki ekki einungis að auka afkastagetu starfsfólksins, heldur einnig almenna ánægju og vellíðan á vinnustað. Þetta tækifæri býðst tíu fyrstu fyrirtækjunum sem hafa samband við hana í síma 845 8174 eða með því að senda email á helga@healthmindbody.net.



**MARKÞJÁLFI** Helga Marín Bergsteinsdóttir, heilsufræðingur og markþjálfi, heldur ókeypis fyrirlestur um áramótaheit og hvernig standa eigi við þau.



**TÓNLISTARMAÐUR** Markús Bjarnason mun spila fyrir gesti Hlöðunnar á bóndadaginn.

# Bóndadagstónleikar í Hlöðu

Á bóndadaginn, föstudaginn 20. janúar, mun Markús Bjarnason koma fram á sérstökum Bóndadagstónleikum Hlöðunnar. Menningarverkefnið Hlaðan er styrkt af menningarráði Suðurnesja en Hlaðan stendur við bæinn Minni-Voga Egilsgötu 8 í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Viðburðurinn er sá fyrsti í röð viðburða sem Hlaðan býður upp á í ár en dagskráin er komin út og má nálgast á vefsíðunni www.hladan.org.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Eldjárn Magnússon**

kjötiðnaðarmeistari, frá Siglufirði,

lést 2. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát hans.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki H-1 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

**Gunnhildur H. Eldjárnsdóttir** **Bjarni Magnússon**
**Kristinn H. Eldjárnsson**
**Steinunn M. Eldjárnsdóttir** **Hallgrímur Már Einarsson**
**Þórarinn M. Eldjárnsson** **Jórunn Þórðardóttir**



*Alúðar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Ragnars Sveinssonar**

frá Siglufirði, Fjóluhlíð 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 3. hæð Hjúkrunarheimilisins Sólvangs, Hafnarfirði, fyrir frábæra umönnun sl. 6 ár, og starfsfólki sjúkrahúss Siglufjarðar þökkum við hlýju og aðhlynningu sumarið 2010.

**Erla Þórðardóttir**
**Fríða, Þórður Axel, Elísabet, Ragnhildur, Sveinn tengdabörn, barnabörn og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Herfríður Valdimarsdóttir**

Hebba í Brekku, Skagafirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki, fimmtudaginn 12. janúar, verður jarðsungin frá Löngumýrarkapellu í Skagafirði laugardaginn 21. janúar kl. 14.00.

**Valdís Óskarsdóttir**
**Magnús Ingi Óskarsson** **Signý Jóhannesdóttir**
**Rósa Margrét Hjálmarsdóttir** **Jón Halldór Björnsson**
**Erla Hlín Hjálmarsdóttir** **Davíð Bjarnason**
**Óskar Ingi Magnússon** **Renata S. Blöndal**
**Jóhannes Páll Magnússon**
**Árni Freyr Magnússon**
**og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þórunn Guðmundsdóttir**

lést 2. janúar á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin verður frá Áskirkju þann 18. janúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þórarinn J. Óskarsson** **Jóhanna Kristjánsdóttir**
**Elín Óskarsdóttir** **Jón Leví Tryggvason**
**Pálína G. Óskarsdóttir** **Rafn Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



Mjúkís
ÁRSINS 2012
HESLIHNETUÍS
Kjörís
Mjúkís
ÁRSINS 2012
HESLIHNETUÍS
INDICAZIONE GEOGRAFICA PROTETTA
Kjörís

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþróttafélag, **6.** kyrrð, **8.** slagbrandur, **9.** svelg, **11.** berist til, **12.** veisla, **14.** hestur, **16.** nafnorð, **17.** skaut, **18.** utanhúss, **20.** á fæti, **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hald, **3.** í röð, **4.** hvítingi, **5.** þrot, **7.** æðibunugangs, **10.** dýrahljóð, **13.** fjör, **15.** slæma, **16.** nudda, **19.** 999.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fram, **6.** ró, **8.** slá, **9.** iðu, **11.** bt, **12.** partí, **14.** gráni, **16.** no, **17.** pól, **18.** úti, **20.** il, **21.** asmi.

**LÓÐRÉTT: 1.** grip, **3.** rs, **4.** albínói, **5.** mát, **7.** óðagots, **10.** urr, **13.** táp, **15.** illa, **16.** núa, **19.** im.








TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ



teg 100161 - létt fylltur og yndislega mjúkur í B C skálum á kr. 2.500,- buxur í stíl á kr. 1.000,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

# Aðalfundur

Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands 2012 verður haldinn þriðjudaginn 31. janúar kl. 20:00 í húsi Verkfræðingafélags Íslands að Engjateigi 9.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.
Lagabreytingartillögur er að finna á vef félagsins www.skotvis.is

*Stjórn Skotveiðifélags Íslands*

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI

# Þorrablót

**Húnvetningafélagsins og Húnakórsins verður haldið laugardaginn 21. janúar 2012 í Húnabúð, Skeifunni 11.**

Húsið opnað kl. 19.00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.
Veislustjórar eru Eyrún og Ragnar Karl.

Miðaverð 5900.- Matur frá Nóatúni, dansiball og skemmtun.
Miðasala á hunabud@gmail.com og í Húnabúð, Skeifunni 11, 3. hæð, þriðjudag 17. og 18. janúar frá kl. 18.00 - 21.00.

Nánari upplýsingar gefa Ingunn 822-2464 og Berglind 698-7719


# Fýluferð á föstudegi

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



„Andskotinn, þetta er vesen," hugsaði ég með mér þegar ég uppgötvaði að ég hafði keyrt um á útrunnu ökuskírteini í þrjá mánuði. Ég gróf upp símanúmerið hjá gamla ökukennaranum mínum og pantaði ökumat síðar í sömu viku. Ökumatið gekk bara nokkuð vel; ég þótti vera öruggur ökumaður en mætti vera aðeins duglegri við að gefa stefnuljós. Þá þarf ég að gæta þess að stoppa alveg, en ekki næstum því, við stöðvunarskyldu. Gott og vel, ég var kominn með ökumatið og gat þá endurnýjað ökuskírteinið hjá sýslumanni. Það var föstudagur og ég ákvað að klára málið bara strax. Ég mætti þangað rétt fyrir klukkan eitt, lagði ökumatið sigri hrósandi á afgreiðsluborðið og sagðist vera kominn til að endurnýja ökuskírteinið mitt. En þá kom babb í bátinn.

**ÞAÐ** kom í ljós að það er ekki hægt að fá útgefið ökuskírteini hjá sýslumanninum í Reykjavík. Til þess þurfa Reykvíkingar að gera sér ferð til Kópavogs. Þessi tíðindi drógu aðeins úr mér, ég var nú einu sinni að skjótast úr vinnunni, en ég var í góðu skapi þannig að ég tók þessu vel og spurði hvar sýslumaðurinn í Kópavogi væri til húsa. Afgreiðslustúlkan skýrði mér skilmerkilega frá því en þegar ég gerði mig líklegan til að hverfa á brott sagði hún: „En sko, ég held að það sé bara tekið við ökuskírteinisumsóknum til klukkan hálf tólf." Ég hváði og muldraði eitthvað á þá leið hvers konar skrifstofa væri einungis opin til hálf tólf. Stúlkan svaraði kurteislega að reyndar væri opið þar til þrjú en þessi tiltekna þjónustu væri bara veitt til hálf tólf. Ég hugsaði mig aðeins um, þakkaði stúlkunni fyrir og gekk út. Ég var þó ekki fyllilega sáttur við þessar málalyktir þannig að ég hringdi í sýslumanninn í Kópavogi og fékk staðfest það sem ég óttaðist. Ég hafði farið fýluferð úr vinnunni.

**STRAX** eftir helgina fór ég að morgni dags til Kópavogs og gekk frá þessu. Það var lítið mál. Ég fékk bráðabirgðaökuheimild og svo nokkrum vikum seinna heimsent nýtt ökuskírteini. Ökuskírteini sem gildir til ársins 2058! Það þótt mér einkennilegt. En enn einkennilegra fannst mér þó að hafa ekki getað sótt um ökuskírteini í mínu nágrenni. Né neins staðar á höfuðborgarsvæðinu eftir klukkan hálf tólf. Hvernig væri að koma einfaldlega upp þjónustumiðstöðvum þar sem hægt væri að sækja um og nálgast alla þjónustu sem ríki og viðkomandi sveitarfélag veita? Miðstöðvum sem væru opnar frá níu til fimm? Eða jafnvel fara verulega út fyrir kassann og gera fólki kleift að sinna erindum sem þessu á netinu? Það er nú einu sinni 2012.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÁRSKORT
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
Á AÐEINS 33.990 KR.
Það gera aðeins 2.833 kr. á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði
ACTIC
NAUTILUS
NITRO
FRÍR PRUFUTÍMI UNDIR
LEIÐSÖGN ÞJÁLFARA
Hringja þarf og panta tíma
TILBOÐ GILDIR TIL 20. JANÚAR 2012
ACTIC
LÍKAMSRÆKT & SUND
Kortið gildir í líkamsrækt, spinning og sund í
Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.
Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

# menning

menning@frettabladid.is

**LJÁÐU OKKUR EYRA** Hádegistónleikaröðin Ljáðu okkur eyra undir stjórn Gerrits Schuil er á dagskrá Fríkirkjunnar í Reykjavík á morgun, miðvikudaginn 18. janúar, eins og alla aðra miðvikudaga klukkan 12.15. Aðgangur er ókeypis en allir eru velkomnir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 17. janúar 2012**

**→ Fyrirlestrar**

**12.15** Listamennirnir Timo Jokela og Glenn Coutts halda fyrirlesturinn Place-specific and Community-based Art Works í Opna listaháskólanum í Laugarnesi, listkennsludeild. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Viðbrögð við drápi

Regin Weihe Dalsgaard sýnir myndir af grindhvaladrápi í Færeyjum á sýningunni sinni „2 mínútur“ sem var opnuð um helgina og stendur til og með 12. febrúar. Myndirnar varpa óvenjulegu ljósi á viðfangsefnið.

Myndirnar eru teknar af Dalsgaard á tveimur mínútum og sýna ákafa baráttu hvala og manna meðan á grindadrápi stendur. Grindhvaladrápið sjálft er þó ekki mikilvægasta myndefnið heldur þátttakendurnir því svipur þeirra sýnir allar þær miklu tilfinningar sem tengjast veiðunum. Dalsgaard hefur lengi verið heillaður af grindhvaladrápi en afstaða hans til veiðanna er þó hlutlaus vegna þess að hann skilur rök jafnt fylgjenda sem andstæðinga þeirra.









**LEIKARAHÓPURINN STENDUR SIG MEÐ PRÝÐI** Hér má sjá Kristbjörgu Kjeld og Hilmar Guðjónsson í hlutverkum sínum í Fanný og Alexander sem sýnt er á fjölunum í Borgarleikhúsinu.

# Glæsileg umgjörð

Leikhús ★★★

**Fanný og Alexander**

Eftir Ingmar Bergman

**Sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins.**

**Leikarar:** Kristbjörg Kjeld, Þröstur Leó Gunnarsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir/Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir, Theodór Júlíusson, Charlotte Bøving, Jóhann Sigurðarson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Kristjana Ósk Kristinsdóttir/Agnes Gísladóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Margrét Ákadóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hallgrímur Ólafsson, Halldór Gylfason, Rúnar Freyr Gíslason. **Leikmynd:** Vytautas Narbutas; **Búningar:** Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir; **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson; **Tónlistarstjórn:** Jóhann G. Jóhannsson; **Leikgervi:** Elín Sigríður Gísladóttir **Leikstjóri:** Stefán Baldursson

Leikritið Fanný og Alexander hefst á jólakvöldi á borgaralegu heimili í Uppsala á þriðja áratug aldarinnar sem leið. Söguhetjur verksins eru kynntar með söng og gleði. Skömmu síðar dregur til tíðinda í lífi fjölskyldunnar þegar yngsti sonurinn deyr eftir stutta legu. Ekkjan, Emilía, gengur í kjölfarið aftur í hjónaband. Nýi eiginmaðurinn er biskup, pietískur, strangur og óréttlátur. Hann leggur meðal annars hönd á börnin hennar.

Leikritið byggir á kvikmynd Ingmars Bergmans og sjónvarpsþáttum sem frumsýndir voru árið 1982. Í sögunni leitar Bergman fanga bæði í klassískum bókmenntum og eigin lífi. Úr þessari blöndu varð listræn upplifun sem heillaði áhorfendur mjög. Bergman tókst mjög vel upp í leikstjórn á börnunum í titilhlutverki myndarinnar. Í sýningu Borgarleikhússins velur Stefán Baldursson þá leið að láta fullorðinn mann (Hilmar Guðjónsson) leika lítinn dreng á meðan stúlkan Fanný er leikin af barni. Þetta heltir sýninguna svo að maður hálfpartinn tekur ekki mark á vissum atriðum.

Annars skilar leikarahópurinn sínu verki með prýði og einstakar persónur eru hreinlega frábærar. Þar má nefna Gústaf Adolf Ekdahl sem Jóhann Sigurðarson ljáir slíku sprellandi lífi að salurinn titraði á köflum. Gústaf þessi Adolf er hreinræktuð karlremba en þó með stórt hjarta. Charlotte Bøving leikur Lydiu, þýska eiginkonu Karls Ekdahl, af hreinni snilld. Hún er svo beygð en samt svo einlæg og stefnuföst í undirgefni sinni. Elma Lísa í hlutverki hinnar pískuðu Jústínu, vinnukonu prestsins, er einnig eitt eftirminnilegt titrandi laufblað. Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyjólfsson geisla í sínum hlutverkum, Jóhanna Vigdís er glæsileg og litla halta barnfóstran Maja sem Kristín Þóra Haraldsdóttir leikur er trúverðug í sínu neyðarlega hlutverki sem brosandi ástkona manns sem er fjórum sinnum þyngri en hún. Halldóra Geirharðsdóttir lék Emilíu fantavel en það komst fremur illa til skila hversu fljótt hún varð undirgefinn biskupnum sem leikinn var af Rúnari Frey Gíslasyni. Valið á Rúnari Frey í hlutverk biskupsins var ekki nægilega vel heppnað. Kannski er myndin svo greypt inn í okkur hvernig hinn ógeðugi biskup á að vera, horaður, arískur, ljóshærður og litlaus en ekki sætur og sexý eins og Rúnar Freyr.

Lýsing Björn Bergsteins Guðmundssonar í heillandi og ævintýralegri leikmynd Vytautasar Narbutas var góð, ekki síst á hinu skelfilega prestsetri. Jóhann G. Jóhannsson sá um að koma hinni angurværu sænsku tónlist til skila og textarnir hans Þórarins Eldjárn svo langt sem þeir náðu eyrum hlustenda voru áheyrilegir. Það er vonandi að þessir textar og þessi lög festist hér, því ekki veitir okkur af að leysa ýmis lyftulög jólasíbyljunnar af hólmi. Búningar Þórunnar Sigríðar Þorgeirsdóttur voru skemmtilegir þó það væri með öllu óskiljanlegt af hverju biskupinn var látinn íklæðast einhvers konar boxarapásuskikkju. Reyndar var allt hans gervi á skjön við þá persónu sem verið var að skapa.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Glæsileg þriggja tíma afþreying sem óhætt er að mæla með.

## Vetrarbomba!

uno
cucina italiana

## Forréttir

**Bruschetta Mozzarella**
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

**Carpaccio classico**
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.

**Ravioli Fritti**
Stökkt ravioli með fjögurra osta fyllingu og bragðmikilli arrabbiata sósu.

**Hvítlauksbakaðir humarhalar**
Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.

## 3ja rétta matseðill aðeins 2.990 kr.

- Þú velur 1 rétt úr hverjum flokki.
- Gildir mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út febrúar.





## Eftirréttir

**Tiramisu a la Nino**
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

**Amaretto súkkulaði Brownie**
Með vanillu gelato.

## Aðalréttir

**Humar og risarækju Linguini**
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

**Kjúklinga Tagliolini**
Tagliolini pasta með steiktum kjúklingabitum, sveppum, spínati og pancetta í hvítvínsrjómasósu.

**Pollo salat**
Romaine salat með hægelduðri kjúklingabringu, confit tómötum, rauðlauk, gúrku, karamellaðar hnetum, ciabatta flögum, dijon dressingu og parmesan.

**„New style“ kjúklinga chili pasta**
Steiktur kjúklingur í rósmarín og chili kryddaðri arrabbiatta sósu með djúpsteiktu ostafylltu ravioli.

**UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is**

# GLÆSILEIKI Á GOLDEN GLOBE

Golden Globe verðlaunahátíðin fór fram með pompi og pragt á sunnudaginn í Los Angeles. Fræga fólkið gekk varlega niður rauða dregilinn enda í sviðsljósinu og ekki gott að stíga feilspor, sérstaklega ekki í fatavali. Kjólarnir sem sáust á hátíðinni voru flestir fallegir og var hið svokallaða „hafmeyjusnið“ áberandi. Frískandi litir og kvenleg snið einkenndu kjólana á rauða dreglinum á Golden Globe í ár. Kvikmyndin The Descendants, með George Clooney í fararbroddi, var sigurvegari kvöldsins sem og kvikmyndin The Artist. Meryl Streep var valin leikkona ársins í dramaflokki fyrir túlkun sína á Margaret Thatcher í myndinni The Iron Lady.



**BESTI LEIKARINN** George Clooney fór heim með Golden Globe styttu en hann var valinn leikari ársins. Hann fagnaði með kærustu sinni Stacy Kiebler.



**BESTA LEIKKONAN Í DRAMAMYND** Meryl Streep var glæsileg að vanda en hún var valin besta leikkona í dramaflokki.



**KÆRUSTUPARIÐ** Angelina Jolie og Brad Pitt mættu saman en hann studdist við staf og hún klæddist klassískum kjól frá Valentino.



**KVENLEG** Kjóll leikkonunnar Kate Winslet frá Jenny Packman vakti ekki mikla lukku.



**BRÚÐARKJÓLL** Talið er að kjólaval Jessicu Biel hafi verið átt að undirstrika að hún trúlofaðist söngvaranum Justin Timberlake yfir hátíðarnar.

**GLÆSILEG** Michelle Williams fékk verðlaun fyrir túlkun sína á Marilyn Monroe. Hún klæddist kjól frá Jason Wu.

## HELSTU VINNINGSHAFAR Á GOLDEN GLOBE 2012

- **Besta kvikmynd, drama:** The Descendants
- **Besti leikarinn, drama:** George Clooney, The Descendants
- **Besta leikkonan, drama:** Meryl Streep, The Iron Lady
- **Besta kvikmynd, gaman:** The Artist
- **Besti leikarinn, gaman:** Jean Dujardin, The Artist
- **Besta leikkonan, gaman:** Michelle Williams, My Week with Marilyn
- **Besta leikkona í aukahlutverki:** Octavia Spencer, The Help
- **Besti leikari í aukahlutverki:** Christopher Plummer, Beginners
- **Besta teiknimyndin:** The Adventures of Tintin
- **Besti sjónvarpsþátturinn, drama:** Homeland
- **Besti sjónvarpsþátturinn, gaman:** Modern Family


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| FLYPAPER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| THE SITTER | KL. 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 4.45 - 8 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.45 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 6 - 8 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 10 | 16 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.45, 8 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8, 10.10 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 7, 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 50/50 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| 50/50 VIP | kl. 5:40 - 10:40 | 2D | VIP |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 8 | 2D | VIP |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 6 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 4 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 6 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | L |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUPPETS MOVIE | kl. 6 - 8 | L |
| 50/50 | kl. 10:10 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 5:40 - 8 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 5:40 - 8 - 10:45 | 2D | 7 |
| SHERLOCK HOLMES 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 10:20 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE MUPPETS MOVIE | kl. 5:40 | L |
| 50/50 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10 | 12 |
| THE SITTER | kl. 8 | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is



SUNNY GREEN CHLORELLA

Er svitalykt eða táfýla?

Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 54872 05/11

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**



# Ennþá bestir

Bíó ★★★★

**The Muppets**
Leikstjórn: James Bobins

**Leikarar:** Jason Segel, Amy Adams, Chris Cooper

Prúðuleikararnir eru búnir á því og öllum gleymdir nema brúðunni Walter og mennskum bróður hans, Gary (Jason Segel), sem vill svo skemmtilega til að er á föstu með Mary (Amy Adams, sem er líka mennsk. Annað væri jú skrýtið). Í pílagrímsferð á fornar heimaslóðir Prúðuleikaranna í borg englanna kemst Walter að þeim djöfullegu áformum olíubarónsins Tex Richman (Chris Cooper) að jafna gamla Prúðuleikhúsið við jörðu. Þríeykið fær Kermit, Svínku, Fossa, Dýra, Gunnsa og alla hina (sem flestir hafa haslað sér völl á öðrum sviðum) með sér í lið til að bjarga leikhúsinu með viðeigandi hætti: Sérstökum sjónvarpsþætti sem rakar inn aurunum.

Söguþráður fyrstu Prúðuleikaramyndarinnar í tólf ár er hvorki flókinn né ýkja frumlegur en hver spyr svo sem að því þegar útfærslan er svo vel heppnuð sem raun ber vitni? Handritshöfundinum Jason Segel og leikstjóranum James Bobin tekst merkilega vel að varðveita það sem gerði Prúðuleikarana svo vinsæla á sínum tíma: Græskulaust grín og fágætan hæfileika til að sameina kynslóðir.

Snilldin liggur ekki síst í því að mennsku



persónurnar (ótal frægir aukaleikarar meðtaldir) halda sig til hlés og leyfa brúðunum sem málið snýst um að blómsta, en auk þess er myndin gerð á svo unaðslegan tölvubrellna- og tilgerðarlausan hátt að nostalgían er nánast áþreifanleg. Vísanir í gjaldfellingu Prúðuleikaranna eru tíðar og sniðugar og allir geta hlegið að einhverju (til að mynda þótti undirrituðum, fimm ára dóttur og tvítugri systur úrelta eitís-vélmennið öllum jafn fyndið), en upp úr standur þó „fílgúdd-faktorinn“ sem mæla þyrfti í megavöttum. Söngnúmerin eru flest frábær, en önnur minna viðeigandi og mættu missa sín. Vonandi er þetta þó einungis upphafið að nýju blómaskeiði Prúðuleikaranna, fremur en vel heppnuðum lokakafla, því betra barna- og foreldraefni er vandfundið.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Falleg mynd í alla staði og guðsgjöf fyrir foreldra sem fara með börnunum sínum í bíó.



**JAY-Z** Rapparinn er hættur að nota orðið „tík“ í textunum sínum.

# Lagfærir orðaforðann

**Rapparinn Jay-Z er hættur að nota orðið „tík“ í textunum sínum. Ástæðan er fæðing dóttur hans Blue Ivy Carter sem hann eignaðist með söngkonunni Beyoncé fyrr í mánuðinum. Í ljóði sem hann samdi í tilefni fæðingarinnar heitir hann því að nota orðið aldrei framar. Hann segist vera breyttur maður og hefur lítið álit á þeim sem ætla að taka sér orðið í munn í framtíðinni.**



**GEKK VEL** Ricky Gervais vakti mikla lukku sem kynnir á Golden Globe.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Ánægður með Gervais

**Paul Telegdy, forstjóri sjónvarpsstöðvarinnar NBC, er mjög ánægður með frammistöðu grínistans Rickys Gervais sem kynnis á Golden Globe-verðlaununum. „Mér fannst hann hitta í mark. Hann mætti þarna, var hann sjálfur og skemmti sér vel. Hann fékk líka stuðning stærstu stjarnanna. Ég hló allan tímann,“ sagði Telegdy, sem vill glaður fá Gervais aftur sem kynni fjórða árið í röð. Gervais var sjálfur ánægður með hvernig til tókst en virðist ekki ætla að endurtaka leikinn. „Núna er ég pottþétt hættur. Það er nóg að gera þetta þrisvar sinnum.“**





# Viltu slást í hópinn?

Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar nú að fólki til að starfa með slysavarnadeildum félagsins en hlutverk þeirra snýr helst að slysavörnum auk þess að vera öflugt bakland björgunarsveitanna í starfi og útköllum. Deildirnar stefna að því að fækka slysum með öflugu forvarnastarfi, með gildi félagsins að leiðarljósi; fagmennsku, forystu og fórnfýsi. Í þessu 80 ára gamla félagi hefur starf deildanna þróast í gegnum tíðina en slysavarnahugsjónin sem leiddi til stofnunar Slysavarnafélags Íslands 1928 hefur þó alla tíð verið rauði þráðurinn í starfinu.

Innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru nú starfandi slysavarnadeildir um allt land. Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og upplagt fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða. Verið velkomin á kynningardag slysavarnadeildanna 17. janúar nk. kl. 20 og fáið allar nánari upplýsingar.

**Opið hús slysavarnadeilda verða á eftirtöldum stöðum:**

**Akranes** - Slysavarnadeildin Líf
**Grundarfjörður** - Slysavarnadeildin Snæbjörg
**Patreksfjörður** - Slysavarnadeildin Unnur
**Sauðárkrókur** - Slysavarnadeild Skagfirðingasveitar
**Reyðarfjörður** - Slysavarnadeildin Ársól
**Höfn Hornafirði** - Slysavarnadeildin Framtíðin
**Vestmannaeyjar** - Slysavarnadeildin Eykyndill
**Grindavík** - Slysavarnadeildin Þórkatla
**Garður** - Slysavarnadeildin Una
**Reykjanesbær** - Kvennasveitin Dagbjörg
**Hafnarfjörður** - Slysavarnadeildin Hraunprýði
**Seltjarnarnes** - Slysavarnadeildin Varðan
**Reykjavík** - Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík

Nánari upplýsingar um tíma- og staðsetningu er að finna á vefsíðu okkar **www.landsbjorg.is**

SJÓVÁ vodafone olís eru aðalstyrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg er stærstu sjálfboðaliðasamtök landsins, með um 100 björgunarsveitir og um 50 slysavarnadeildir um land allt. Meðlimir félagsins sinna fjölbreyttum störfum allt árið um kring. Yfir 80 ára reynsla félagsins í slysavörnum er traustur grunnur undir starf slysavarnadeilda sem hafa unnið þrekvirki á undanförnum áratugum. Öflugur tækjakostur björgunarsveita, markvisst þjálfunar- og fræðslustarf og síðvirkt stjórnkerfi tryggja skjót viðbrögð við vá og fagleg vinnubrögð þeirra á vettvangi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# sport

sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**ANTON GYLFI PÁLSSON OG HLYNUR LEIFSSON** fá sitt fyrsta verkefni á EM í Serbíu í dag þegar þeir dæma leik Makedóníu og Þýskalands í B-riðli. Anton og Hlynur eru að dæma í fyrsta sinn á stórmóti karla en þeir dæmdu á EM kvenna í Makedóníu árið 2008. Þjóðverjar eru í sárum eftir óvænt tap fyrir Tékkum í fyrstu umferðinni á sunnudaginn og verða einfaldlega að vinna Makedóníu. Makedónar náðu jafntefli við Svía í fyrsta leik.

## EM Í HANDBOLTA

*C-riðill*

**Frakkland-Spánn 26-29 (13-15)**
Jérôme Fernandez 7, Luc Abalo 6 - Alberto Entrerrios 4, Cristian Ugalde 4, Joan Canellas 4.

**Ungverjaland-Rússland 31-31 (19-19)**
Gábor Császár 8/2, Gergo Iváncsik 6, Tamás Mocsai 5/1 - Mikhail Chipurin 5.

*D-riðill*

**Noregur-Slóvenía 28-17 (14-14)**
**Markahæstir:** Bjarte Myrhol 6, Erlend Mamelund 6/1, Christoffer Rambo 6 - Uros Zorman 5, Dragan Gajic 5/4, Sebastian Skube 4, David Spiler 4.

**Ísland-Króatía 29-31 (15-14)**
**Mörk Króatíu (skot):** Manuel Štrlek 8 (8), Blaženko Lackovic 5 (7), Ivan Cupic 5/5 (7/6), Denis Buntic 5 (8), Domagoj Duvnjak 4 (7), Igor Vori 3 (5), Marko Kopljar 1 (2), Ivano Balic (1),
**Varin skot:** Mirko Alilovic 20/1 (49/5, 41%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Štrlek 3, Buntic, Vori)
**Fiskuð víti:** 4 ( Ivano Balic 2, Lackovic, Buntic, Duvnjak, Kopljar)
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8/4 (10/5), Arnór Atlason 5 (9), Aron Pálmarsson 5 (14), Alexander Petersson 4 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (5), Þórir Ólafsson 2 (2), Vignir Svavarsson 2 (3), Kári Kristján Kristjánsson (1), Róbert Gunnarsson (3),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 15/1 (45/5, 33%), Hreiðar Levy Guðmundsson (1/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 7 (Arnór 2, Vignir 2, Guðjón Valur, Aron, Ásgeir Örn)
**Fiskuð víti:** 5 (Arnór, Alexander, Vignir, Kári, Róbert)
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Íslenska landsliðið** leikur næsta leik sinn á móti Noregi á miðvikudagskvöldið en á morgun fara fram leikir í A og B-riðlum. Þriðji leikur Íslands er síðan á móti Slóveníu á föstudaginn.

# Endurtekið efni gegn Króötum

**Þrátt fyrir að hafa leitt nánast allan leikinn gegn Króatíu urðu strákarnir okkar að sætta sig við tap, 31-29. Leikur íslenska liðsins lofar þó góðu fyrir framhaldið en Ísland mætir Noregi í næsta leik á morgun.**

**HANDBOLTI** Rétt eins og á HM í Svíþjóð í fyrra varð Ísland að lúta í lægra haldi gegn Króatíu þó svo að strákarnir hafi leitt nánast allan leikinn. Engin uppskera eftir fína frammistöðu. Strákarnir héldu þó ekki haus undir lokin.

Fyrri hálfleikur var magnaður hjá íslenska liðinu. Strákarnir voru einbeittir, afslappaðir og yfirvegaðir í öllum sínum aðgerðum í sókninni. Spiluðu langar sóknir og ekkert óðagot. Sama taktík og Króatar hafa beitt svo lengi með góðum árangri.

Jafnræði var með liðunum framan ef en Ísland tók svo frumkvæðið. Strákarnir náðu mest þriggja marka forskoti í hálfleiknum, 13-10, en leiddu með einu, 15-14, þegar blásið var til leikhlés.

Mikil spenna og taugastríðið hélt áfram í síðari hálfleik. Íslenska liðið með frumkvæðið en Króatar önduðu ofan í hálsmálið á okkar mönnum. Munurinn var aldrei meiri en tvö mörk. Þegar tæpar þrjár mínútur voru eftir komust Króatar yfir í fyrsta skipti síðan í upphafi leiksins, 28-29. Lokamínúturnar voru lélegar, slök skot tekin og grátlegt tap staðreynd.

Ef lokamínúturnar eru teknar út var vart veikan blett að finna í íslenska liðinu. Var ekki að sjá að íslenska liðið væri sá höfuðlausi her sem margir óttuðust að yrði staðreyndin með fjarveru Snorra Steins og Ólafs Stefánssonar.

Arnór Átlason bar af í íslenska liðinu, skoraði lagleg mörk, lagði upp og var ótrúlega útsjónarsamur í sínum aðgerðum. Guðjón Valur var traustur sem fyrr og skilaði einnig mörkum af vítalínunni þar sem hann er orðinn vítaskytta. Alexander er alltaf öflugur en á meira inni rétt eins og Aron Pálmarsson sem spilaði lengstum vel. Næst á dagskrá eru Norðmenn og ef íslenska liðið leikur álíka vel þar á það góðan möguleika á sigri. Fall er vonandi fararheill.



**MIKIL ÁTÖK** Alexander Petersson reynir hér að komast framhjá varnarmanni Króata í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson**
fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is




Aron Pálmarsson eftir leikinn við Króata í gærkvöldi:

# Dæmigert fyrir Króata

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson tók mikið af skarið í sóknarleik Íslands á móti Króatíu í gær en skotin gengu ekki nógu vel hjá honum. Hann var súr í leikslok eftir naumt tap.

„Þetta er svona dæmigerður leikur fyrir Króatana. Við erum að berjast í þeim í 55 mínútur og erum yfir nánast allan leikinn. Svo ákveða þeir að setja í fimmta gírinn og klára þetta í lokin,“ sagði Aron Pálmarsson eftir leikinn.

„Hann setti reyndar í lás í markinu hjá þeim en það var ekki eins og þetta væru einhverjar frábærar markvörslur því við skutum bara illa og hann var að lesa okkur vel. Hann kláraði eiginlega leikinn fyrir þá á síðustu fimm mínútunum,“ sagði Aron um markvörðinn öfluga Mirko Alilovic. En fóru íslensku strákarnir á taugum á lokakaflanum?

„Ef ég tala út frá sjálfum mér þá var ég sallarólegur. Hann var því miður að lesa okkur mjög vel. Hann ákvað að giska á réttu hornin á síðustu fimm mínútunum en svo telur það líka að við vorum mikið einum manni færri auk þess að við spiluðum ekki heldur nægilega vel manni fleiri,“ sagði Aron.

Leikur Íslands í 57 mínútur í þessum leik lofar samt vissulega góðu fyrir framhaldið.

„Við vitum alveg hvað við getum og förum í þennan leik til að vinna hann. Við spiluðum mjög vel bæði í vörn og sókn. Ef við hefðum fengið markvörsluna öflugri þá hefðum við unnið þetta nokkuð þægilega að mínu mati,“ sagði Aron og hann vill líka fá fleiri hraðaupphlaupsmörk.

„Við þurfum að fá hraðaupphlaupin meira inn í þetta. Við ætluðum að vera svolítið hraðaupphlaupslið en ég held að við höfum ekki skorað nógu mikið úr þeim í dag,“ sagði Aron. En hversu grátlegt var þetta tap eftir góða frammistöðu?

„Það þýðir ekki að væla um það að við höfum verið grátlega nálægt þessu. Nú þurfum við bara að einbeita okkur að næstu tveimur leikjum og fá vonandi einhver stig með okkur í milliriðilinn ef við klárum þá,“ sagði Aron. **- hbg, - óój**



**ARON PÁLMARSSON** Skoraði 5 mörk á móti Króatíu í gær en þurfti til þess 14 skot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Arnór Stefánsson er að gera það gott á Spáni:

# Hefur náð að hitta úr öllum vítunum sínum



**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson hefur verið að spila vel að undanförnu með CAI Zaragoza í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta og hefur skorað 39 stig í síðustu þremur leikjum liðsins.

Jón Arnór skoraði 15 stig í sigri Zaragoza á Joventut um helgina. Vítanýting Jóns Arnórs vekur sérstaka athygli því hann hitti úr öllum 5 vítum sínum í leiknum um helgina og er því áfram með hundrað prósent vítanýtingu í spænsku deildinni í vetur.

Jón Arnór hefur fengið 18 víti og hitt úr þeim öllum. Hann var með 86 prósent vítanýtingu með Granada á síðasta tímabili. **- óój**






**MATTHÍAS GUÐMUNDSSON** Valur á enn möguleika á Evrópusæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fair Play-listi UEFA:

# Valur í Evrópudeild UEFA?

**FÓTBOLTI** Ísland er í fjórða sæti á svokölluðum Fair Play-lista Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, sem gefinn var út í gær. Þrjú efstu löndin fá aukasæti í Evrópudeild UEFA á næsta tímabili og er Ísland aðeins hársbreidd á eftir Hollandi í þriðja sætinu. Norðmenn og Finnar eru efstir.

Þetta er þó aðeins miðað við stöðuna um áramótin en tímabilið nær frá 1. maí til 30. apríl næsta árs hverju sinni. Ísland hefur því enn tíma til að klífa upp listann.

Tekið er tillit til ýmissa þátta við útreikning prúðmennskueinkunnar aðildarsambanda UEFA, svo sem jákvæð spilamennska, virðing fyrir andstæðingi og dómara, hegðun áhorfenda og starfsmanna liðs auk fjölda gulra og rauðra spjalda leikmanna. Nær þetta til leikja í keppnum á vegum UEFA, hvort sem er hjá landsliðum eða félagsliðum.

Prúðasta félagið í efstu deild þeirra landa á að fá Evrópusætið umrædda. Valur og ÍBV voru prúðustu félögin í Pepsi-deild karla á síðustu leiktíð en þar sem Eyjamenn hafa þegar tryggt sér þátttökurétt í keppninni á næsta tímabili fengi Valur sætið. **- esá**

MÍ í fjölþrautum um helgina:

# Fjóla og Sölvi vörðu titlana

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Fjóla Signý Hannesdóttir HSK/UMF. Selfoss og Sölvi Guðmundsson úr Breiðabliki urðu um helgina Íslandsmeistarar í fjölþraut annað árið í röð.

Fjóla Signý fékk 3.792 stig í fimmtarþraut kvenna og hafði betur eftir góða keppni við Maríu Rún Gunnlaugsdóttur úr Ármanni sem náði 3.651 stigum. Báðar voru að ná sínum besta árangri í fimmtarþraut. Fjóla Signý fékk 3.377 stig þegar hún vann í fyrra og hún varð síðan líka í 3. sæti 2010.

Sölvi Guðmundsson úr Breiðabliki vann sjöþraut karla og náði sínum besta árangri eða 4.599 stigum. Sölvi fékk 4.362 stig þegar hann vann í fyrra. Ásgerður Jana Ágústdóttir úr UFA vann fimmtarþraut stúlkna 17 ára og yngri og Ingi Rúnar Kristinsson úr Breiðabliki vann örugglega í flokki 18-19 ára pilta. Ingi fékk 4.419 stig og var aðeins 84 stigum frá piltameti. **- óój**



## > Stöð 2 kl. 20.35
## Mike & Molly

***Fjörið heldur áfram hjá skötuhjúunum Mike og Molly á Stöð 2. Í þættinum í kvöld er Molly boðið í mat hjá tilvonandi tengdamömmu sinni en Mike óttast að mamma hans uppljóstri neyðarlegum atvikum úr barnæsku hans.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG BELJA Á BORÐINU

# Morgnarnir sem virka

Útvarp er oftast af hinu góða. Ég hlusta á það í bílnum, við uppvaskið, í bústaðnum, við tiltektina, með kaffinu, við eldamennskuna og vissulega kemur það fyrir að ég leggi við hlustir í vinnunni. Þetta á þó ekki að vera neinn sérstakur drottningarpistill um þennan unaðslega miðil, heldur aðallega þann vellukkaða þátt Virka morgna.



Flestir sem ég þekki eru sammála um að þessir rúmu þrír klukkutímar á morgnana á Rás tvö séu af hinu góða. Gunna Dís og Andri Freyr eru manneskjur sem beinlínis eiga að vera til staðar fyrir fólkið í landinu – því til skemmtunar. Það er einfaldlega eitthvað sem virkar við þeirra samspil sem maður fær heldur ekki leið á, sem verður að teljast kostur. Og það sem meira er, þá veit ég núna að ég er ekki ein um að smella rauðvínsbelju á náttborðið þegar ég vil hafa það huggulegt yfir góðri bók. Því það gerir hún Gunna Dís iðulega, að sögn samstarfsmanns síns, sem ég sé ekki neina ástæðu til að rengja.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Samsöngur úr norðri **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**16.20 Tóti og Patti** (41:52)
**16.31 Þakbúarnir**
**16.43 Skúli skelfir** (23:52)
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 EM í handbolta: Makedónía - Þýskaland** BEINT
**18.45 Fum og fát** (Panique au village) Í þessum belgísku hreyfimyndaþáttum ferðast Kúrekinn, Indíáninn og Hesturinn að miðju jarðar og lenda í ótrúlegustu ævintýrum.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 EM í handbolta: Serbía - Danmörk** BEINT.
**20.40 EM-kvöld** Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.
**21.15 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Millennium – Loftkastalinn sem hrundi - Seinni hluti** (6:6) (Millennium) Sænsk þáttaröð byggð á sögum eftir Stieg Larsson um hörkutólið Lisbeth Salander og blaðamanninn Mikael Blomkvist. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.55 Aðþrengdar eiginkonur** (3:23) (Desperate Housewives VIII) (e) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Kastljós** (e)
**01.00 Fréttir**

**08.00 Journey to the Center of the Earth**
**10.00 Funny People**
**12.25 Lína Langsokkur**
**14.00 Journey to the Center of the Earth**
**16.00 Funny People**
**18.25 Lína Langsokkur**
**20.00 Fast & Furious**
**22.00 Rocky Horror Picture Show**
**00.00 The Contract**
**02.00 Severance**
**04.00 Rocky Horror Picture Show**
**06.00 Delta Farce**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (90:175)
**10.15 Wonder Years** (6:23)
**10.40 Borgarilmur** (7:8)
**11.15 Mike & Molly** (3:24)
**11.35 Total Wipeout** (2:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (24:24)
**13.25 America's Got Talent** (17:32) (18:32)
**15.30 Sjáðu**
**15.55 iCarly** (5:25)
**16.20 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (17:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (20:25)
**19.40 Hank** (1:10) Ný gamanþáttasería með góðkunningjanum Kelsey Grammer í aðalhlutverki. Hann fer með hlutverk valdamikils manns á Wall Street sem fer að rækta betur samband sitt við fjölskyldu sína eftir að hann missir vinnuna.
**19.40 Hank** (1:10)
**20.05 Modern Family** (7:24)
**20.30 Mike & Molly** (19:24)
**20.55 Chuck** (18:24)
**21.40 Burn Notice** (2:20)
**22.25 Community** (15:25)
**22.50 The Daily Show: Global Edition**
**23.15 The Middle** (13:24)
**23.40 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (2:10)
**00.05 Hawthorne** (10:10)
**00.50 Medium** (11:13)
**01.35 Satisfaction**
**02.25 Ne le dis à personne** Vönduð frönsk spennumynd.
**04.30 Chuck** (18:24)
**05.15 Malcolm in the Middle** (20:25)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**17.30 EAS þrekmótaröðin**
**18.00 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Chelsea**
**19.50 QPR - MK Dons** BEINT frá 3. umferð enska FA bikarsins. Þetta er önnur viðureign liðanna en þau skildu jöfn, 1-1, á heimavelli MK Dons á dögunum.
**22.00 Spænski boltinn: Mallorca - Real Madrid**
**23.45 Spænsku mörkin**
**00.15 QPR - MK Dons** (e)

**07.00 Wigan - Man. City**
**14.25 Chelsea - Sunderland**
**16.15 Wigan - Man. City**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Newcastle - QPR**
**20.50 Swansea - Arsenal**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Liverpool - Stoke**

**19.10 The Doctors** (28:175)
**19.50 Bones** (14:22)
**20.35 Better Of Ted** (3:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Block** (3:9)
**22.35 The Glades** (3:13) Sakamálaþættir sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth. Sá söðlar um og reynir að fóta sig í nýju starfi á Flórída eftir að hafa verið rekinn frá störfum í fyrra starfi sínu í Chicago þegar honum var ranglega gefið að sök að hafa sofið hjá eiginkonu yfirmanns síns.
**23.25 Celebrity Apprentice** (10:11)
**00.50 Twin Peaks** (4:22)
**01.35 Malcolm in the Middle** (20:25)
**02.00 Hank** (1:10)
**02.25 Bones** (14:22)
**03.10 The Doctors** (28:175)
**03.50 Íslenski listinn**
**04.15 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 90210** (1:22) (e)
**15.50 Parenthood** (20:22) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Live To Dance** (2:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (5:26)
**19.45 Will & Grace** (14:25) (e)
**20.10 Outsourced** (19:22) Charlie missir skyndilega vinnuna og grátbiður Todd um að veita sér atvinnu. Þegar Todd samþykkir það, sér hann eftir því um leið enda stjórnunarstíll Charlies ekki að hans skapi.
**20.35 Mad Love** (11:13) Þegar Larry týnir myndavél Connie ákveður hún að rekja athafnir hans í þeirri von að hún endurheimti hana og lærir í leiðinni ýmislegt um Larry.
**21.00 Charlie's Angels** (7:8) Englarnir rannsaka morðið á afrískum konungi jafnframt því að vernda einkason hans og erfingja krúnunnar.
**21.50 Cherry Goes Dieting** Kannanir sýna að um 37% kvenna í Bretlandi eru yfirleitt í megrun. Cherry Healy sem hefur prófað alla megrunarkúra fer á stúfana og kannar þessa líkamsfituáráttu.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI** (2:22) (e)
**00.15 Flashpoint** (2:13) (e)
**01.05 Cherry Goes Dieting** (e)
**01.55 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

**06.00** ESPN America **08.30** Sony Open 2012 (2:4) **12.00** Golfing World **12.50** Sony Open 2012 (2:4) **16.00** The Future is Now (1:1) **17.00** US Open 2002 - Official Film **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (2:45) **19.45** Tournament of Champions 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **23.45** ESPN America

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.15** The Weakest Link **07.00** Keeping Up Appearances **09.00** Dalziel and Pascoe **10.35** Come Dine With Me **11.25** EastEnders **11.55** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.45** Top Gear **13.35** Keeping Up Appearances **15.40** QI **16.40** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Jack Dee Live At The London Palladium **21.55** Live at the Apollo **22.40** QI **23.40** Jack Dee Live At The London Palladium **00.30** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Torpedo **12.35** Aftenshowet **13.30** Kæft, trit og flere knus **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Flodens børn **15.05** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Johan Falk. Den tredje bølge **22.50** OBS **22.55** Uopklarede mord **23.25** Rockford

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Ein dag i Sverige **13.00** NRK nyheter **13.05** Reidunns kamp - en usminket fortelling om lungekreft **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Oppdag Stillehavet **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brodies mysterier **22.00** Kveldsnytt

## svt1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Mot alla odds **09.50** Svenska idrottsgalan 2012 **12.25** Skavlan **13.25** Familjen Björck **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Mot alla odds **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **23.05** Oldboy - hämnden **01.00** Rapport **01.05** Boardwalk Empire **02.05** I Nansens fotspår **03.00** Rapport

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Allir vilja gott sæti !

Áfram Ísland !



\# 13
Siggi Sveins
er alltaf eins!



Gullið tækifæri
fyrir betra sæti !

EM
TILBOÐ

Láttu þér líða vel
fyrir framan EM !

Hægindastóll
kr. 37.900,-
Komdu
núna

## Milano ekta hægindastóll á frábæru EM tilboði !

Til í 4 litum:



Hvítur    Latte    Svartur    Brúnn

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-18
Sun frá kl. 13-18

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími
☎ 512 6800
eða dorma.is

## MORGUNMATURINN



*„Ískalt vanillu-Hámark þegar ég hef lítinn tíma en annars er það hafragrautur með kanil, rúsínum, granóla og kókosflögum. Dásamlegt byrjun á deginum.“*

Þorbjörg Marinósdóttir, þáttastjórnandi og kynningarfulltrúi Skjásins.

# Nýtt eldhús á fimm dögum

„Þetta var ágætis spark í rassinn, enda ætluðum við alltaf að breyta eldhúsinu,“ segir Hrefna Rósa Sætran kokkur, en hún fékk aðeins fimm daga til að ráðast í heljarinnar breytingar á eldhúsi sínu fyrir tökur á nýrri þáttaröð á matreiðsluþætti sínum.

Ný þáttaröð Matarklúbbs Hrefnu Rósu fór í tökur í síðustu viku en í fyrsta sinn fara tökur fram á heimili Hrefnu. Aðeins fimm dögum áður en þær hófust var Hrefnu sagt að breyta hinu og þessu í eldhúsinu sínu. Hrefna, sem flutti inn í nýtt hús í sumar, tekur samt sökina á sig. „Ég var með miklar yfirlýsingar í þættinum Innlit/Útlit í haust um að ég ætlaði að gera ákveðnar breytingar í eldhúsinu. Svo er búið að vera svo mikið að gera undanfarið að við komumst aldrei í þessar breytingar,“ segir Hrefna Rósa en hún eignaðist sitt fyrsta barn, Bertram Skugga, í haust og opnaði sinn annan veitingastað, Grillmarkaðinn, í sumar.

„Þegar tökumaðurinn kom í heimsókn að skoða aðstæður lagði hann til að við gerðum þessar breytingar áður en tökur hæfust og við bara hentumst í það,“ segir Hrefna en meðal þess sem hún og maður hennar, Björn Árnason, þurftu að gera var að sprautulakka allar skápahurðir og setja upp hillur.

Hrefna kveðst vera mjög ánægð með að geta loksins boðið áhorfendum í heimsókn heim til sín og að það fylgi því ákveðinn lúxus að fá að taka upp heima hjá sér. „Það er mikill léttir að vera heima, ég er bæði öruggari og veit hvar allt er,“ segir Hrefna en hún hefur hingað til haft aðsetur í eldhúsi í Árbænum með tökuliði sínu. Fyrsti þáttur Matarklúbbs Hrefnu fer í loftið 14. febrúar á Skjá einum. **- áp**



**ÖRUGGARI HEIMA** Hrefna Rósa Sætran spýtti í lófana og breytti eldhúsinu sínu á fimm dögum fyrir nýja þáttaröð á Matarklúbbnum sem fer í loftið eftir mánuð. MYND/BJÖRN ÁRNASON

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breska hljómsveitin Turin Brakes er væntanleg til landsins og treður upp í Fríkirkjunni á föstudagskvöld, en miða má nálgast í versluninni Noland í Kringlunni.

Nú hafa félagarnir í hljómsveitinni ákveðið að koma einnig fram á Faktorý daginn eftir, en engin forsala verður á þá tónleika. Miðasala hefst því samdægurs klukkan 22 og tónleikarnir hefjast klukkutíma síðar. Lay Low sér um upphitun ásamt hinum bandaríska Jason Dodson úr hljómsveitinni The Maldives.








**FÚLSKEGGJAÐUR** Pétur Örn Guðmundsson skartar síðu og miklu skeggi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PÉTUR ÖRN GUÐMUNDSSON: BÚINN AÐ FÁ HRÓS FRÁ KVENÞJÓÐINNI

# Skeggið snyrt í fyrsta sinn í 8 mánuði fyrir Eurovision

„Þetta er eins og að vera með tvö höfuð,“ segir tónlistarmaðurinn Pétur Örn Guðmundsson, sem skartar síðu og miklu skeggi um þessar mundir.

Þeir sem sáu flutninginn á Eurovision-laginu Mundu eftir mér í Sjónvarpinu áttu vafalítið erfitt með að leiða skegg bakraddasöngvarans Péturs Arnar hjá sér. Mikill skeggvöxtur hefur verið í tísku að undanförnu og tónlistarmenn á borð við Mugison, Snorra Helgason og Högna Egilsson hafa látið skegg sitt vaxa duglega.

Aðspurður segist Pétur hafa byrjað að safna síðasta sumar fyrir söngleikinn Hárið. Þegar tveggja vikna hlé var gert á sýningunum ákvað hann að halda áfram að safna og enn hélt skeggvöxturinn áfram þegar hann fékk lítið hlutverk í bandarísku sjónvarpsþáttunum Game Of Thrones sem voru teknir upp hér á landi. „Ég mátti ekki raka mig eða klippa í nokkra mánuði og það óx og óx á meðan. Svo kláraði ég það og nú er skeggið bara komið með persónuleika og kennitölu,“ segir Pétur Örn léttur. „Ég hef ekki tímt að láta það fara. Það er eins og hluti af fjölskyldunni,“ segir hann. Tryggð hans við skeggið er skiljanleg því það hefur bæði tryggt honum hlutverk í söngleik og sjónvarpsþætti. „Kannski ég geti fengið mér að minnsta kosti eitt djobb í viðbót, látið það aðeins vinna fyrir kaupinu sínu.“

Inntur eftir því hvernig hann haldi skegginu við segir Pétur Örn að það fái sömu ást og alúð og hárið á sér. „Það var reyndar snyrt örlítið í hliðunum fyrir Eurovision, sem var fyrsta snyrtingin í átta mánuði. Það var kominn tími á það.“ Hann bætir við að skeggið hafi nýst honum vel sem hlýr og ódýr trefill í frosthörkunum, þar á meðal við tökurnar á Game Of Thrones, en býst alveg eins við því að það verði klippt þegar nær dregur sumri. „Ég er á leiðinni vestur um haf í heimsókn til vinar míns í Kanada. Ég ætla svo að fara á vesturströnd Bandaríkjanna. Það er hlýtt þar og ég er svo heitfengur, þannig að ég veit ekki hvort ég þoli það.“

Hvað segja stelpurnar um þessi ósköp?

„Ein ástæðan fyrir því að ég veigra mér við því að láta þetta fara er að ég er búinn að fá hrós frá kvenþjóðinni; að þetta fari mér vel og sé flott. Maður verður að hlusta á það sem stelpurnar segja manni að gera.“ **freyr@frettabladid.is**






# Á annan veg til Gautaborgar

„Þetta er mjög gaman og flott að vera valinn inn á þessa hátíð,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri myndarinnar Á annan veg sem var valin inn á hina eftirsóttu kvikmyndahátíð í Gautaborg fyrir helgi.

Hátíðin er sú stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum og verður Á annan veg fulltrúi Íslands en átta nýjar norrænar myndir keppa um hin eftirsóttu Drekaverðlaun. „Við höfum verið á miklu flakki með myndina síðan í haust en þetta verður frumsýning á henni á Norðurlöndunum og vonandi opnast einhverjar dyr þar í kjölfarið,“ segir Hafsteinn, sem ætlar að fylgja myndinni til Svíþjóðar ásamt öðrum framleiðanda myndarinnar.

Kvikmyndahátíðin í Gautaborg fer fram dagana 27. janúar til 6. febrúar en Á annan veg verður sýnd þann 28. janúar. Samhliða hátíðinni verður sérstök kvikmyndahátíð barnanna og eiga Íslendingar einnig fulltrúa þar en teiknimyndin Hetjur Valhallar: Þór í leikstjórn Óskars Jónassonar er þar á dagskrá.

Til mikils er að vinna á hátíðinni en Drekaverðlaunin eru um ein milljón sænskra króna. „Það væri nú ekki leiðinlegt að vinna verðlaunin en helst vill maður náttúrulega reyna að koma myndinni í sýningu á Norðurlöndunum,“ segir Hafsteinn, sem er byrjaður að undirbúa nýja mynd. „Þetta er verkefni sem ég er að undirbúa ásamt Huldari Breiðfjörð og ég vonast til að geta farið í tökur strax í vor. Samt ætla ég að halda áfram að kynna Á annan veg þetta árið.“ **-áp**



**FULLTRÚI ÍSLANDS** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson er ánægður með að mynd sín, Á annan veg, sé ein af átta myndum sem sýndar verða á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg.


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58·12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rannsóknarblaðamaður kveður Pressuna

Það hefur heldur betur kvarnast úr starfsliði vefmiðilsins Pressunnar á síðustu dögum og vikum. Reynsluboltinn Eiríkur Jónsson hafði látið mikið að sér kveða í fréttaskrifum en hann hætti nýlega og lýsir því yfir á bloggsíðu sinni að nú taki atvinnuleysisbætur við. Kidda Svarfdal lífsstílsgúrú er líka horfin á braut og nú berast þau tíðindi að **Þór Jónsson**, fyrrverandi varafréttastjóri Stöðvar 2 og upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, hafi sagt skilið við eigandann Björn Inga Hrafnsson og ritstjórann Steingrím Sævarr Ólafsson. Töluvert var látið með ráðningu Þórs á Pressuna á sínum tíma og hann kynntur til leiks sem sérlegur rannsóknarblaðamaður. Nú ku hann hins vegar hafa snúið sér að laganámi.



### Skýrr skiptir um nafn

Upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr fagnar nýju ári á föstudaginn kemur með þriggja tíma skemmtidagskrá í höfuðstöðvum fyrirtækisins. Þangað er vildarvinum fyrirtækisins boðið og forsvarsmenn þess, með forstjórann **Gest G. Gestsson** í broddi fylkingar, lofa ýmsum mögnuðum uppákomum; til dæmis verður Nörd ársins valinn venju samkvæmt. Mikil leynd hefur þó til þessa hvílt yfir stærstu tilkynningunni sem gestir eiga í vændum á föstudaginn. Þar verður nýtt nafn fyrirtækisins nefnilega gert heyrinkunnugt. Hér verður ekkert fullyrt um nýja nafnið, en þó bent á að Skýrr tryggði sér í síðasta mánuði lénið advania.is.

- sh



### Mest lesið vísir

1. Bíll varð alelda við Háskólann
2. Saltmálið: SS breytir verklagi sínu
3. Stúlka sætti pyntingum mánuðum saman
4. Saltmálið: MS innkallar fimm vörutegundir
5. James Bulger vill hitta Wahlberg


BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00




